

ATVINNA FYRIR ALLA
GÓÐ STÖRF – BETRI LÍFSKJÖR



Útgefandi:
Alþýðusamband Íslands
október 2003
www.asi.is
Sætúni 1
105 Reykjavík
sími: 53 55 600

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Setning	5
Kíkt í verkfærakistu ESB – samþætt atvinnustefna	7
Grundvallaratriði Lissabon-ferlisins	7
Stefnan í atvinnumálum	9
Stefnan í félagsmálum (2000-2005)	10
Grundvallaratriðin í félagsmálastefnunni	10
Gæði í vinnunni	11
Áhrif stóriðjuframkvæmda – hvað gerist að þeim loknum?	12
Nýjar aðstæður	12
Hvað gerist?	13
Ruðningsáhrif	14
Ályktanir og lokaorð	15
Byggðamál: Almennur vandi - sértækar lausnir	16
Samgöngubyltingin fyrri	16
Samgöngubyltingin seinni	17
Sértækar aðgerðir: Kostir og gallar	18
Ályktanir og lokaorð	19
Nýsköpun á Íslandi – sókn er eina vörnin!	21
Nýsköpunarumhverfið á Íslandi	21
Nýsköpunarumhverfið í nágrannalöndunum	22
Ábyrgð	24
Ályktanir og lokaorð	24
Er þekking uppspretta nýrra starfa?	26
þekkingarhagkerfið	26
Ójöfnuður	26
Óöryggi	27
Ofmenntun	27
Of mikil almenn menntun á Íslandi?	30
Ályktanir og lokaorð	30
Samantekt	32
Krefjandi spurningar	32
Atvinna og velferð	33
Hvað ber að gera?	33
Viðaukar	35
ASÍ og atvinnumál 1994-2003	36
Atvinnustefna til nýrrar aldar	36
Nýtt afl – nýir tímar	36
Atvinna fyrir alla	38
Störf atvinnumálanefndar 2002-2003	39
Vaxandi atvinnuleysi	39
Ráðstefna um málefni atvinnulausra	41
Tillögur atvinnumálanefndar	41

INNGANGUR

Það eru ónýtt tækifæri í íslensku atvinnulífi og það eru ónýtt atvinnutækifæri á landsbyggðinni. En til að allir þegnar landsins sitji við sama borð við nýtingu þeirra, þá verður ný atvinnusókn á landsbyggðinni jöfnum höndum að byggjast á frumkvæði og dugnaði íbúanna sjálfra, jöfnun aðstöðu og jafnari skiptum þeirra gæða sem við eigum í sameiningu. Þegar grannt er skoðað þá eigum við íbúar landsins bara tvo valkosti, að vinna sjálf að því að skapa okkur það umhverfi sem við viljum búa í, eða að flytja burt til þess svæðis eða lands sem best býður það sem við sækjumst eftir.

Þessi tilvitnun er úr ritinu *Byggðarlög í sókn og vörn- sjávarbyggðir*, sem gefið var út af Byggðastofnun í desember árið 2000. Hún rifjaðist upp fyrir mér eftir að hafa setið á ráðstefnu um atvinnu- og byggðamál sem haldin var 30. september sl. að frumkvæði Atvinnumálanefndar Alþýðusambands Íslands.

Atvinnumálanefnd hefur á undanförunum misserum skoðað mikinn fjölda af skýrslum og útgefnum efni um atvinnumál og byggðaþróun. Hún hefur fengið til sín fjölda fyrirlesara og reynt að kryfja til mergjar það sem þar hefur verið sagt frá og lagt til. Nefndin hefur vakið athygli á ýmsum hættum á vinnumarkaðnum og einnig komið með tillögur varðandi úrbætur í málefnum atvinnulausra.

Alþýðusamband Íslands hefur á undanförunum árum og áratugum bent á það sem betur mætti fara í íslensku atvinnulífi, byggðamálum, efnahagslífi, og skiptingu lífsgæða milli manna. Lögð hefur verið áhersla á jöfn tækifæri til þess að stunda nám og sækja þá grunnþjónustu sem hvert samfélag þarf og á að veita.

Tillögum okkar og ábendingum er yfirleitt vel tekið af stjórnámálamönnum, sérstaklega fyrir kosningar en því miður gerist oft lítið annað. Þannig er t.d. ekki hægt að sjá á fjárlagafumvarpi ríkisstjórnarinnar að mikið hafi verið hlustað á þær tillögur Atvinnumálanefndar um úrbætur í málefnum atvinnulausra sem áður voru nefndar.

Á liðnum vetri kynnti Alþýðusamband Íslands tillögur í velferðarmálum, eftir að hafa farið í gegnum miklar umræður um þær innan sambandsins og við ýmsa aðila í samfélaginu. Nú stefnir Atvinnumálanefnd á að vinna að tillögum að stefnu í atvinnu-, byggða-, efnahags-, og félagsmálum sem færu í sambærilega umfjöllun í samfélaginu og velferðarmálin. Ætlunin er síðan að reyna að koma þessum stefnumálum áfram til framkvæmda í samfléttaðri aðgerðaráætlun sem skilar okkur betri lífsgæðum í landinu öllu.

Af hverju að blása til sóknar í atvinnumálum einmitt nú, þegar framundan eru stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar? Stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi munu setja sterkan svip á íslenskt atvinnulíf, a.m.k. fram til ársins 2007, og gera má ráð fyrir að "þjóðarkakan" stækki. Þegar betur er að gáð eru ýmsar blikur á lofti.

Í fyrsta lagi þá er margt óljóst um áhrif stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Það er t.d. ekki útséð með það hversu mikil áhrif þær muni hafa á atvinnustig í landinu. Einnig er ákveðin hættu á að þær leiði til tímabundinnar þenslu og hastarlegrar aðlögunar hagkerfisins að framkvæmdum loknum. Loks er hugsanlegt að framkvæmdirnar leiði til hækkunar raungengis og vaxtahækkana Seðlabankans sem aftur kæmi illa við útflutnings- og samkeppnisgreinar.

Í öðru lagi þá hafa ýmsar breytingar á íslenskri þjóðfélagsgerð á undanförunum árum leitt til þess að margir búa nú við minna afkomuöryggi en áður. Aukið frelsi á fjármáلامarkaði þýðir t.d. að kröfur um peningalega arðsemi fyrirtækja hafa aukist. Að sama skapi hefur samfélagsleg ábyrgð sem atvinnurekendur sýna minnkað. Afleiðingin er sú að fólk býr við aukið atvinnu- og afkomuóöryggi. Lýsandi dæmi um þetta eru uppsagnir sem vofað hafa yfir starfsfólki í fiskvinnslufyrirtækjum víða um land síðustu misseri.

Í þessu hefti, sem lagt er fram til umfjöllunar á ársfundi ASÍ 2003, er samantekt yfir helstu stefnumál ASÍ í atvinnumálum frá 1994, ásamt upplýsingum um það sem nefndin hefur verið að vinna að frá síðasta ársfundi. Meginefni þess er samt þau fróðlegu erindi sem flutt voru á ofanefndri ráðstefnu um atvinnu- og byggðamál sem Atvinnumálanefnd stóð fyrir.

Fh. atvinnumálanefndar ASÍ Signý Jóhannesdóttir, formaður.

Grétar Þorsteinsson
Forseti Alþýðusambands Íslands

SETNING

Frummælendur og ráðstefnugestir

Á síðasta ársfundi Alþýðusambandsins, sem var haldinn fyrir tæpu ári síðan, var m.a. samþykkt sú framtíðarsýn, "að Íslendingar setji sér það markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft, tryggi sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð", eins og sagði orðrétt í samþykktinni. Þar segir jafnframt:

Til að ná framangreindum markmiðum er nauðsynlegt:

að hér á landi verið beitt efnahagsstjórn sem byggir á því að treysta stöðugleika í efnahagslífinu og tryggja þannig betur samkeppnishæfni og vaxtarmöguleika íslenskra fyrirtækja.

Byggt verði á markvissri atvinnustefnu sem miði að því að skapa fleiri og betri störf, sem byggir á hæfu starfsfólki, frumkvæði og framsækni, aðlögunarhæfni og jafnrétti kynjanna. Öflug símenntun og annað tækifæri til náms eru mikilvægustu tækin til að ná þessum markmiðum.

Skilgreind verði félagsleg markmið um vinnumarkað sem byggir á öryggi, en jafnframt sveigjanleika sem gagnast bæði launafólki og fyrirtækjum. Ennfremur um mannsæmandi lífsgjör fyrir alla og um vinnumarkað og atvinnulíf sem sé uppspretta frekari lífsgæða, með styttri vinnutíma, auknum möguleikum til símenntunar, og betra samræmis á milli atvinnuþátttöku og einkalífs.

Þessari ráðstefnu er ætlað að marka upphafið að stefnumótunarvinnu sem miðar að því að til verði heildstæð stefna í atvinnu- og byggðamálum sem sé rækilega samtvinnuð við stefnu í efnahagsmálum og félagsmálum. Þetta er eitt af meginviðfangsefnum Evrópusambandsins í dag, þ.e. að móta stefnu sem samþættir efnahagsmál, atvinnumál og félagsmál, undir heitinu Lissabon-ferlið. Einn framsögumaðurinn hér á ráðstefnunni – Stefaan Hermans – mun vafalítið gera þessari vinnu ítarleg skil hér á eftir.

En af hverju erum við að þessu einmitt núna? Einhverjir gætu talið að það væri ef til vill ekki þörf á vinnu af þessu tagi akkúrat núna, þegar í hönd fer tímabil mikilla framkvæmda og væntanlega þokkalegs atvinnuástands.

Það er einmitt þess vegna sem tímasetningin er rétt. Við eigum að nota tímann þegar við sjáum nokkurn veginn fyrir okkur hvernig næstu misseri verða og skipuleggja hvað við viljum að taki við þegar þessu tímabili lýkur. Þetta ástand, þar sem búast má við miklum framkvæmdum og nokkrum hagvexti, varir ekki að eilífu. Það liggur fyrir, að um 2007 fer að hægja á – og þá þurfum við að vera við því búin að bregðast við. Þetta er nákvæmlega sá tími sem

við höfum til að skilgreina hvað við viljum að taki við. Við erum þeirrar skoðunar að í þessari stöðu séu óneitanlega fólgnar hættur – en jafnframt mikil tækifæri.

Við sjáum ekki fyrir okkur að héðan af þessari ráðstefnu fari menn með mótaða sýn í atvinnu- og byggðamálum. Hún markar – auk þess að vera undirbúningur fyrir málefnavinnu á ársfundi ASÍ sem haldinn verður 23. og 24. október næstkomandi – upphafið að víðtækri og ítarlegri stefnumótunarvinnu. Við ætlum að taka okkur þann tíma sem við þurfum í þessa vinnu – innan þess ramma sem áður er nefndur. Fjallað verður um viðfangsefnið á næsta ársfundi og það sett í skýran farveg.

Eins og flestum er kunnugt, lögðum við fram ítarlega stefnumótun í velferðarmálum síðastliðið vor. Hún var afrakstur umfangsmikillar vinnu á vettvangi Alþýðusambandsins í um það bil tvö ár. En þótt þessi vinna væri unnin á vettvangi Alþýðusambandsins og væri á ábyrgð þess, höfðum við náíð samráð við fjölmarga í þjóðfélaginu – raunar flesta þá sem láta sig velferðarmál varða í þjóðfélaginu.

Ég sé fyrir mér að sú vegferð sem við erum nú að hefja í atvinnu- og byggðamálunum, geti að einhverju leyti dregið dóm af því vinnulagi sem við beittum í velferðarvinnunni. Það er kostur að geta fengið til liðs við sig ólíka aðila með ólík viðhorf og sjónarmið – þótt ekki sé nema til að kynnast fleiri hugmyndum en þeim sem eru á sveimi í nánasta umhverfi.

Við höfum leitast við að setja þessa ráðstefnu upp með það fyrir augum að fá fram margvísleg sjónarmið og sjónarhorn. Við fáum til liðs við okkur fólk sem sinnir rannsóknum og fræðimennsku á þessu sviði, en einnig einstaklinga sem hafa sinnt nýsköpunarverkefnum, auk þess að fá fram sjónarmið Evrópusambandsins, eins og þau birtast í svokölluðu Lissabon-ferli. Eins og flestum er kunnugt, miðar það að því að tengja saman efnahagsmál, atvinnumál og félagsmál. Það er því ekki úr vegi að benda á og undirstrika sambandið á milli þeirrar vinnu sem við erum að hefja hér og velferðarvinnunnar sem hefur farið fram á vettvangi ASÍ undanfarin misseri og áður er minnst á.

Við getum ekki farið þannig í hlutina að velferðarmálin séu afmarkað viðfangsefni, atvinnumálin annað og síðan séu byggðamálin einhver baggi sem þurfi að afgreiða með einhverjum reddingum. Allt snýst þetta um lífskjör og lífsgæði almennings og komandi kyn-slóða og verður því að fjalla um í samhengi hvert við annað. Þessi vinna sem við erum að hefja er því í beinu – rökréttu og eðlilegu framhaldi af velferðarvinnunni. Hvort tveggja er hluti af vinnunni við að móta skýra framtíðarsýn.

Ég ætla ekki að hafa þessi upphafsorð lengri, en læt í ljósi þá vissu að við eigum eftir að hafa gagn af því sem hér kemur fram og það nýtist okkur í þeirri vinnu sem framundan er.

Stefaan Hermans
Atvinnu- og félagsmálaskrifstofu Framkvæmdastjórnar ESB
(Texti unnin upp úr fyrirlestri)

KÍKT Í VERKFÆRAKISTU ESB – SAMÞÆTT ATVINNUSTEFNA

Ég vil byrja á að þakka kærlega fyrir að vera boðið á þessa ráðstefnu til að fjalla um samþætta stefnu Evrópusambandsins (ESB) í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum. Stefnan gengur reyndar undir heitinu *Lissabon-ferlið*, eftir fundi æðstu ráðamanna aðildarríkja ESB í Lissabon, þar sem verkefnið var að skilgreina langtímaáðgerðir til að ýta undir þróun í atvinnulífinu í Evrópu.

Ég ætla að reyna eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi að rifja upp með hvaða hætti Lissabon-ferlið varð til og hvernig það þróaðist.
- Víkja síðan að ætlunarverkinu í félagsmálum – vegvísi ESB í atvinnu- og félagsmálum fyrir tímabilið 2000 til 2005.
- Í þriðja lagi segja nokkur orð um stefnu okkar í atvinnumálum, þar sem sá þáttur er sérstaklega til umfjöllunar hér.
- Að lokum kem ég til með að fjalla lítillega um "gæðavíddina" og leggja áherslu á að hugmyndirnar um "fleiri" störf og "betri" störf fara saman.

Ætlunin er að beina sjónum bæði að vinnuaðferð og innihaldi. Ég hef reynt að ýta til hliðar ýmsum atriðum sem eru sérstök fyrir ESB í Lissabon-ferlinu, til að geta beint sjónum að aðalatriðum málsins. Það ætti jafnframt að gera málið skýrara í ljósi þess verkefnis sem þið eruð að fara af stað með.

Grundvallaratriði Lissabon-ferlisins

Lítum fyrst til baka – á grunninn að Lissabon-ferlinu. Hver var útgangspunkturinn?

Þrátt fyrir árangur ESB í atvinnumálum var því þó ekki að leyna:

- Að atvinnuleysi og lítil atvinnuþátttaka voru ennþá alvarlegustu vandamál Evrópu.
- Að lífeyriskerfin voru undir þrýstingi.
- Og að félagsleg einangrun var vaxandi vandamál í aðildarríkjunum.

Jarðvegur og aðstæður voru hagstæð til að setja fram langtímasýn og stefnumótun sem snerist um sjálfbæra þróun í efnahags-, félags- og umhverfismálum:

- Búið var að koma á innri markaði og evrunni.
- Á sama tíma var pólitískur vilji fyrir hendi (portúgalskt forsæti og framkvæmdastjórnin undir Prodi hafði sett endurnýjun í efnahags- og félagsmálum í forgang).

Til að takast á við sameiginleg vandamál þurftum við að móta sterka sýn til næstu 10 ára sem miðaði að aukinni einingu. Þar urðu að vera metnaðarfull markmið og nýtt frumkvæði. **Okkar hlutverk var að sýna heiminum hvernig hægt væri að ná fram hagvexti og samkeppnishæfni í sanngjörnu velferðarsamfélagi. Þetta var ætlunin með Lissabonráðstefnunni.**

Í Lissabon setti ESB sér nýtt **markmið** til að stefna að næsta áratuginn: Að Evrópa verði samkeppnishæfasta og framsæknasta efnahagsheildin, byggð á þekkingu sem verði fær um að halda uppi sjálfbærum hagvexti með fleiri og betri störfum og auknum félagslegum jöfnuði. Sem sagt: Eitt markmið – ekki þrjú.

Nokkur af helstu **verkefnum** sem tengsast Lissabon-ferlinu eru:

- Efnahagsmál
 - Endurskilgreina opinber útgjöld í aðildarríkjunum og Evrópusambandinu, með það fyrir augum að ýta undir vöxt, atvinnu og sjálfbæra þróun.
- Atvinnu- og félagsmál
 - Að skapa atvinnu fyrir alla, þ.e. að á miðju tímabili hafi atvinna aukist og atvinnulausum fækkað. Við miðum við 70% atvinnuþátttöku, þar af 60% meðal kvenna og 50% hjá eldri launamönnum.
 - Að skapa efnahagslegt hreyfiafl með því að ýta undir sjálfstæðan atvinnurekstur.
 - Að tryggja lífeyri og sjálfbær lífeyriskerfi með því að tengja saman hátt atvinnustig, meiri tekjur og endurbætur á hinu félagslega velferðarkerfi.
 - Að berjast gegn félagslegri mismunun og að draga verulega úr fátækt með því að efla þá hugsun að stefna í velferðarmálum geti aukið framleiðni og þátttöku.
- Mjög mikilvægt er að
 - Það þarf að fjárfesta meira í mannauði, rannsóknum og þróun, nýsköpun og í innviðum samfélagsins og í virkri atvinnustefnu.
 - Beita skal dreifðstýrðu sjónarhorni, sem byggir á grunni gagnkvæms stuðnings, þar sem Evrópusambandið, aðildarríkin, einstök svæði og sveitarstjórnir, auk aðila

vinnumarkaðarins og margvíslegra samtaka, taka virkan þátt og beita mismunandi þátttökuaðferðum.

- Styðjast við hina opnu samræmingaraðferð (e. *Open Method of Coordination*).
 - Skilgreina leiðarvísa fyrir sambandið, hvenær eigi að ná tilteknum markmiðum – til lengri og skemmri tíma.
 - Skilgreina eigind- og megindlega mælikvarða, sem taka mið af því sem best er gert í heiminum á viðkomandi sviði, og taka jafnframt mið af sértækum þörfum mismunandi aðildarríkja og atvinnugreina. Þannig er hægt að bera saman það sem best er gert.
 - Að yfirfæra þessa evrópsku leiðarvísa yfir í stefnumótun, í einstökum aðildarríkjum, eða atvinnugreinum, með því að setja ákveðin markmið og skilgreina aðgerðir sem taka tillit til munar á milli aðildarríkja og mismunandi svæða.
 - Yfirferð verði regluleg sem og stöðumat.

Stefnan í atvinnumálum

Það er forgangsverkefni hjá Evrópusambandinu að koma á háu hlutfalli atvinnuþátttöku. Í Lúxembúrg samþykktu æðstu ráðamenn aðildarríkjanna að markmiðið væri að auka atvinnuþátttöku til langs tíma og berjast gegn atvinnuleysi – einkum langtímaatvinnuleysi.

Hugtakið um markmiðsstjórnun (e. *Management by objectives*) er sérstaklega mikilvægt. Stuðst er við leiðbeiningar til að skilgreina breið markmið og ætlunarverk. Stefnumið taka síðan mið af þessum markmiðum og tryggja þannig að stefnan sé skýrt stefnumiðuð. Úr þessu verða til aðgerðaáætlanir aðildarríkja.

Þrýstingur verður til frá hinum ríkjunum og frá almenningsálitinu, þar sem ferlið kveður á um mat á stefnu aðildarríkjanna. Ekkert þeirra vill vera eftirbátur hinna. Kjósendur kæmu til með að refsa ríkisstjórnnum fyrir aðgerðarleysi. Þetta er mikilvægt, því forsætisráðherrar bera sjálfir ábyrgð á og svara fyrir stefnuna í atvinnumálum og félagsmálum vegna árlegrar yfirferðar á aðgerðaáætlunum aðildarríkja ESB.

Aðgerðaáætlanir aðildarríkjanna lýsa þeim aðgerðum sem þau hyggjast grípa til og eru þegar í gildi til að bregðast við þeirri leiðsögn í atvinnumálum sem skilgreind hefur verið á Evrópuvísu. Beitt er árlegri yfirferð og mati á aðgerðum hjá hverju ríki, þar sem forsætisráðherrar bera endanlega ábyrgð eins og áður er nefnt. Það sem meira er, framkvæmdastjórninni er heimilt að gera tillögur til ráðsins um aðgerðir í einstökum ríkjum.

Ekki er litið á stefnu í atvinnumálum sem aðskilda stefnu, heldur sem einn þátt í stefnunni í efnahagsmálum og því er varðar formgerð samfélagsins, sem fjallar um þætti eins og félagslegt öryggi, menntun, jöfn tækifæri, vinnulöggjöf, stefnu í málefnum fyrirtækja, skipulag vinnunnar og skattlagningu.

Stefnan í félagsmálum (2000-2005)

Við verðum nú vitni að tvíþættri áskorun sem birtist í vaxandi félagslegri útilokun og vaxandi þrýstingi á velferðarkerfin.

Annars vegar höfum við staðreyndir um sterk jákvæð áhrif velferðarkerfa aðildarríkjanna: Tekjudreifing sem byggðist eingöngu á markaðnum héldi 40% íbúanna undir fátæktarmörkum. Lífeyriskerfi lækka þetta hlutfall niður í 26%. Ýmsar félagslegar bætur og skattaávilnanir niður í 18%.

Hins vegar hlýtur sú staðreynd að 18% eru undir fátæktarmörkum að vera óásættanleg. Margt bendir reyndar til þess að vandamál tengd félagslegri útilokun hafi aukist á undanförunum árum og að hlutfall þeirra sem eru á einhvern hátt háðir félagslegri aðstoð haldi áfram að vaxa.

Atvinnuleysi er stærsta einstaka skýringin á fátækt. Næstum tveir af hverjum þremur atvinnulausum eru undir fátæktarmörkum. Þess vegna er atvinna besta vörnin gegn félagslegri útilokun. Atvinna leysir þó ekki öll vandamál.

Núna þarf að hætta að berjast gegn félagslegri útilokun og byrja að skilgreina aðgerðir sem miða að samþættingu og aðlögun, gera það að undirliggjandi þætti í allri stefnumótun.

Grundvallaratriðin í félagsmálastefnunni

Evrópa, með sín þróuðu félagslegu kerfi, er í samkeppni við aðra heimshluta – við tæknivædd lönd jafnt sem lágtekjusvæði. Áður hafa velferðarkerfin gert ESB mögulegt að takast á við breytingar og lágmarka á sama tíma neikvæðar félagslegar afleiðingar.

Hvað framtíðina varðar, þá leggur Lissabon-ferlið drög að því hvernig ESB og aðildarríkin geta haldið áfram að tengja saman öflugt atvinnulíf og góð félagsleg skilyrði. Evrópusambandið verður að halda áfram að tengja góðar félagslegar aðstæður saman við mikla framleiðni og hágæðavörur og þjónustu.

Aðgerðirnar sem tillögurnar gera ráð fyrir að gripið verði til byggja á því að hugtakið "gæði" sé hreyfiaflið á bakvið öflugt efnahagslíf, fleiri og betri störf og samfélag aðlögunar. Lögð er áhersla á að hagvöxtur sé ekki markmið í sjálfu sér, heldur aðferð til að öðlast betri lífsgæði fyrir alla.

Hin nýja stefna hvílir á þeirri forsendu að allir þátttakendur geti gegnt virku hlutverki. Til að hrinda hinni nýju félagslegu stefnu í framkvæmd, verður að nýta allar þær aðferðir sem við höfum

aðgang að: Opnu samhæfingaraðferðina, félagslegu samfélags-
umræðuna, löggjöf, áætlanir og sjóði.

Gæði í vinnunni

- Störf í lágum gæðaflokki geta varðað veginn inn á vinnumarkað fyrir ungt fólk og atvinnulausa ...
 - að því gefnu að viðkomandi nái að festa sig á vinnumarkaði og hafi möguleika á að hreyfast upp á við, en ...
 - hafa verður í huga að þeir sem fara úr atvinnuleysi í léleg störf eru í umtalsvert meiri hættu á að verða atvinnulausir en aðrir.
- Einungis störf sem eru í tiltölulega hærri gæðaflokki ...
 - eru aðlaðandi fyrir eldra fólk og fólk með umönnunar-
ábyrgð (óvirkt á vinnumarkaði) og ...
 - í mörgum aðildarríkjum má sjá að nýleg aukning á atvinnuþátttöku tengist auknum gæðum starfa. Margt bendir til þess að þetta samband sé sterkara fyrir konur en karla.

Björn Rúnar Guðmundsson
Greiningardeild Landsbanka Íslands
(Texti unnin upp úr fyrirlestri)

ÁHRIF STÓRIÐJUFRAMKVÆMDA – HVAD GERIST AÐ ÞEIM LOKNUM?

Ég vissi ekki alveg hvaðan á mig stóð veðrið þegar Gylfi bað mig um að fjalla um hagþróunina -- ekki til allra næstu ára, heldur fram yfir 2006. Mér fannst þetta nú hetjulega ráðist á málið, venjulega hafa menn átt nóg með að segja eitthvað vitrænt um þróunina eitt til þrjú ár fram í tímann, hvað þá þrjú til fimm ár. En þegar upp er staðið að þá held ég samt að þetta sé ákaflega góð nálgun og er í rauninni það sama og við lögðum upp með í Greiningardeild Landsbankans um miðjan þennan mánuð þegar við birtum spá okkar, þ.e. sýn okkar á þróun efnahagsmála yfir stóriðjutímabilið og fram til ársins 2010. Það sem í rauninni vakti fyrir okkur var einmitt að reyna að ná efnahagssumræðunni upp úr þessum farvegi skammtímahugsunar og skoða málið í stærra samhengi, því það er jú það sem skiptir máli ef við eigum bæði að geta stýrt okkur í gegnum það stóra verkefni sem nú er framundan og líka náð betri tökum á íslenskum efnahagsmálum í heild. Að mínu viti hafa menn alltof mikið horft á skammtímaþróunina og ekki hugað jafnmikið að því að ná fram stöðugleika til langs tíma, en þegar upp er staðið er það forsenda fyrir því að við getum náð þeim göfugu markmiðum sem eru yfirskrift þessarar ráðstefnu, þ.e. *Atvinna fyrir alla, góð störf - betri lífskjör*. Ég ætla ekki að birta nákvæma spá hér, þvert á móti og það er alls ekki skoðun mín að það sé mikið vit í því. Aðalatriðið er að reyna að ná stóru línunum, að reyna að skynja hvaða möguleikar eru í stöðunni og kannski geta lagt eitthvað til málanna um það hvernig við náum hagstæðustu niðurstöðunni. Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því hvað felst í þessum stóriðjuframkvæmdum, að hve miklu leyti er þetta eitthvað nýtt og hvaða hættur skapar þetta og kannski líka hvaða möguleika þetta býður upp á. Mitt hlutverk er að skoða það sem gerist eftir framkvæmdirnar en ég ætla samt sem áður að horfa á þessar stóriðjuframkvæmdir í sögulegu samhengi.

Nýjar aðstæður

Í mínum huga er hér um að ræða einskonar gamaldags hagvöxt. Við erum að ráðast í eitt afmarkað verkefni og það á að leysa – kannski ekki öll vandamál – en samt mörg vandamál. Þetta skapar að sumu leyti gamalkunna stöðu og hættu á openslu. En það er líka margt nýtt í stöðunni. Um er að ræða gífurlega stórar framkvæmdir, bundnar við aðeins lítinn hluta hagkerfisins, og við erum að fara inn í þær með allt annarskonar hagkerfi, með allt annarskonar uppbyggingu, en við höfum séð áður. Við höfum breytt það miklu í gangverki hagkerfisins að við vitum hreinlega ekki almennilega hvernig þetta kemur til með að þróast. Það sem ég er sérstaklega

að horfa á er gengisfyrirkomulagið. Við erum að fara inn á nýjar brautir, með flotgengi á tiltölulegan litlum gjaldeyrismarkaði, þar sem straumurinn er kannski að einhverju leyti á móti okkur. Í Evrópu allavega eru menn meira að horfa á að byggja upp fastgengisfyrirkomulag eftir að hafa átt erfitt með flotgengi í gegnum tíðina. Við ætlum okkur hins vegar að fara hina leiðina, prófa flotgengið og leyfa markaðnum að ráða krónunni og stýra okkur í gegnum það. Þetta er mjög krefjandi verkefni bæði hvað varðar hagstjórn og síðan hvað varðar uppbygginguna á þjóðfélaginu í heild sinni. Þetta gerir allt aðrar kröfur á atvinnulífið, ég held að þetta atriði sé stóri óvissuþátturinn þegar upp er staðið: Hvernig náum við að sameina hin miklu áhrif af stóriðjuframkvæmdunum og síðan hvernig gengið spilar með.

Hvað gerist?

Í fyrsta lagi liggur fyrir að okkar sýn í Landsbankanum á þetta er mjög svipuð og sýn Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins, þ.e. það gera allir ráð fyrir að þegar þessum framkvæmdum lýkur, í kringum 2007, verði mikill samdráttur. Hann birtist þannig að fjárfestingin dettur mjög hratt niður, svo mikið að við gerum ráð fyrir því að þetta hafi áhrif á landsframleiðsluna. Samdrátturinn kemur þannig fram að það er atvinna eða fjárfesting fyrst og fremst sem dettur niður, úr mjög háu stigi niður í mjög lágt stig. Auðvitað gætu opinberar fjárfestingar og aðrar stærðir, eins og t.d. útflutningsframleiðslan (hún í sjálfu sér hefur ekki mikil áhrif en aukin álframleiðsla kemur þó til með að vega á móti þessum samdrættinum), komið á móti þannig að samdrátturinn verði minni en ella. Auk þess er ekkert sem segir að einkaneysla eigi eftir að dragast saman. Í okkar spá gerum við ráð fyrir því að dæmið þróist þannig að tiltölulega jafn kaupmáttur haldi vextinum uppi og verðbólgan verði hófleg allt tímabilið. Þannig að okkar sýn er sú að við sjáum svolítið öðruvísi hagþróun heldur en við höfum séð í fyrri uppsveiflum: Mun meiri hagvöxt, en ekki endilega svo miklar breytingar á þeim undirliggjandi þáttum sem tengjast meira líf skjörum almennings. Þess vegna segi ég að það felst engin bölsýni í því að spá miklum hagvexti, hann segir alls ekki alla söguna, það þarf að skoða dæmið miklu nákvæmar.

Hinn mikli samdráttur í fjárfestingu skapar svigrúm fyrir aðra starfsemi. Hér koma fyrst upp í hugann frekari fjárfestingar í áliðnaði. Það er engin spurning að ef við erum að hugsa til dæmis um Norðurál sem töluvert hefur verið í umræðunni að hentugasta tímasetningin á því verkefni væri í kringum 2007 þegar Kárahnjúka- og Fjarðarálsverkefnunum er lokið. Einnig koma upp í hugann opin-berar framkvæmdir. Menn hafa jú verið stórhuga í þeim efnunum og tímasetningar á þeim ættu auðvitað að miðast við þetta sama. Vilji menn ganga í slíkar framkvæmdir þá ættu þær að koma til þegar stóriðjuverkefnunum er að ljúka. Ég vil hinsvegar

undirstrika það að það er auðvitað ekki hægt með neinu viti að spá fyrir um þessa hluti. Við lifum á miklum umbreytingartímum og ný verkefni koma fyrirvaralaust. Ég held að þróun undanfarinna ára sýni okkur það best að það er ekki hægt skipuleggja þessa hluti með þessum hætti. Það sem skiptir máli er að hér skapist frjótt umhverfi fyrir nýsköpun og ný tækifæri. Þannig held ég að við náum bestum árangri þegar til lengri tíma er litið. Það sem kannski skiptir öllu máli er jú að þessar stóriðjuframkvæmdir eyðileggi ekki þetta mikilvæga umhverfi umbreytinga og nýsköpunar. Ef við höldum því held ég að við þurfum ekki að hafa svo miklar áhyggjur af því sem gerist eftir stóriðjuframkvæmdirnar.

Þegar upp er staðið verður ekki hjá því litið að framvindan á stóriðjutímabilinu sjálfu skiptir e.t.v. mestu máli. Við sjáum í rauninni þrjár meginleiðir og þróunin verður sennilega einhvers konar blanda af þeim. Í okkar spám bendum við á þá leið sem að okkar mati er líklegust: Töluvert mikill hagvöxtur án þess þó að það verði mikil þensla, verðbólgan verður innan markmiðs Seðlabankans á tímabilinu og árleg kaupmáttaraukning u.þ.b. tvö prósent. Þetta er það sem við sjáum sem meginþróunina og við höfum reynt að færa rök fyrir því af hverju við teljum að þetta sé raunhæf leið. En til hliðar við þennan möguleika eru aðrar leiðir sem ég held að sé ákaflega mikilvægt að við reynum að forðast, og það sem er nýtt er að þær eru tvær. Venjulega hefur bara verið ein leið sem við höfum þurft að reyna að forðast, þ.e. það að hér skapist mjög mikil innlend eftirspurn, innlend þensla, viðskiptahalli, vaxandi verðbólga og síðan gengisfelling. Þetta hefur verið okkar aðal leikrit undanfarna áratugi og hefur kallað á hinar miklu sveiflur og óstöðugleika sem einkennt hefur efnahagslífið. En það er önnur leið sem ég hef kallað hágengisþróun og tengist því að við erum komin með nýtt gengisfyrirkomulag, þ.e. það að gengið hækki og sterk ruðningsáhrif komi fram í atvinnulífinu og dregið úr hagvexti vegna þess að samkeppnis- og útflutningsgreinar eiga í erfiðleikum. Ef þessi leið yrði ofan á myndi verðbólga reyndar ekki verða mikil vegna þess að við þekkjum hversu sterk áhrif gengi krónunnar hefur á hana auk þess sem þrenging í öðrum greinum myndi skapa mikinn þrýsting á verðlag/launapáttinn. En það er nýtt að við óttumst hágengisþróun ekki síður en verðbólgu-kollsteypu. Við kunnum það og við höfum klárað þannig aðlögunarferli oft áður, en við höfum aldrei farið í gegnum hágengisþróun og sterk ruðningsáhrif. Það er flotgengið sem skapar möguleikann á því.

Ruðningsáhrif

Það hefur stundum verið talað um hina svokölluðu "hollensku veiki", þ.e. að sterk útflutningsgrein eða gjaldeyrisaflandi grein bjargar rekstrarskilyrði annarra atvinnugreina. Það getur í raun gerst með ýmsum hætti, bæði með því að gengið hækkar en líka með því að kostnaður í öðrum greinum en útflutningsgreinum vex vegna

tengsla, vegna samþjöppunar inn á vinnumarkaði eða inn á öðrum mörkuðum. Þetta er í raun það sem við höfum séð þegar svona sterk grein hefur komið fram. Það má auðvitað að mörgu leyti fjalla um sambúð sjávarútvegs og iðnaðar hér á landi í þessu ljósi. Það er auðvitað umdeilt hversu sterk þessi áhrif eru, en það er ekki nokkur spurning að bæði iðnaður og aðrar samkeppnisgreinar hafa þurft að sumu leyti að móta sig að þeim skilyrðum sem sjávarútvegurinn hefur skapað hér á landi. Áhrif olíuiðnaðarins í Noregi á samkeppnisstöðu annarra greina eru líka dæmi um þessi áhrif. Fyrirtækin bregðast við þessum áhrifum með ýmsum hætti. Minni framleiðsla gæti t.d. haft neikvæð áhrif á atvinnusköpun í ákveðnum greinunum. Annar möguleiki er að erlent vinnuafli verði tekið inn í myndina til að bregðast við þessum aðstæðum. Pólitískur þrýstingur um að gengið sé vitlaust skráð er náttúrulega ekkert annað en viðbrögð við svona stöðu. Loks er sá möguleiki fyrir hendi að atvinnustarfsemi sé einfaldlega flutt úr landi.

Ályktanir og lokaorð

Til þess að tryggja að framvindan verði með þeim hætti að við getum sæmilega vel við unað verða ríkisfjármálin óneitanlega að vera í brennidepli. Fjárlagafrumvarpið verður lagt fram á morgun [1. október] og þá kemur í ljós hvað stjórnvöld hyggjast gera á næsta ári og hvers er að vænta af þeim á næstu árum, t.d. hverju verður spilað út í skattamálum, hvernig verður afkoma ríkisins og hvernig verður framkvæmdastigið með tilliti til stóriðjuframkvæmda. Við erum einnig komin að þeim mörkum að Seðlabankinn er að íhuga vaxtahækkun. Á næstu mánuðum munum við væntanlega sjá breytingu á peningastefnunni þegar Seðlabankinn lagar sig að nýjum aðstæðum. Það fer auðvitað eftir því hvaða útspil við sjáum í ríkisfjármálunum með hvaða hætti Seðlabankinn setur fram sína peningastefnu. Ýmislegt annað hefur áhrif, t.d. tímasetning breytinga á húsnæðiskerfinu og svo auðvitað niðurstaða kjarasamninga.

Allt kemur þetta til með að ráða miklu um það hver framvindan verður og þar með auðvitað líka hvað gerist þegar stóriðjuframkvæmdunum líkur. Segja má að því meira sem stóriðjuframkvæmdirnar verða teknar út fyrir sviga þeim mun auðveldara verður fyrir aðrar greinar að lifa í þeim mikla hagvexti sem við sjáum fram á. Auðvitað verða allir að leggja sitt af mörkum en ég held að meginþunginn muni, með einum eða öðrum hætti, liggja hjá stjórnvöldum. Þau hafa lagt mjög þunga áherslu á þessa framkvæmd þannig að þau verða auðvitað að axla ábyrgðina á því að sigla okkur í höfn í þessu máli. Hvað gerist að framkvæmdum loknum fer að langmestu leyti eftir því hvernig við spilum úr nýjum aðstæðum; hvernig við komum okkur í gegnum þær framkvæmdir sem eru framundan og hvernig við fótum okkur í því nýja efnahagssumhverfi sem við erum að fara inní.

Ásgeir Jónsson
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
(Texti unnin upp úr fyrirlestri)

BYGGÐAMÁL: ALMENNUR VANDI - SÉRTÆKAR LAUSNIR

Það sem hér fer á eftir er í raun mjög stutt yfirlit. Þeir sem hafa áhuga á nánari umfjöllun geta farið inn á heimasíðu mína, (<http://www.hi.is/~ajonsson>).

Eins og við vitum öll þá hefur orðið mikil fólksfækkun í sjávarbyggðum á síðustu árum og í rauninni er fólksfækkunin fremur skelfileg á mörgum stöðum. Hægt er að taka dæmi af stað eins og Siglufirði sem hafði um 3.000 íbúa á sjöunda áratugnum, en þar er íbúatalan komin niður í 1.500 manns. Það sem verra er, þeir sem hafa farið eru að stórum hluta unga fólkið. Hér er einkum um að ræða þéttbýlisstaði á Vestfjörðum, Austfjörðum og Norðurlandi. Umræða um þessi mál hefur verið tengd sjávarútvegi, einkum tilkomu kvótakerfisins – en það er ljóst að það hafa átt sér stað fleiri breytingar í greininni. Kvótakerfið er bara eitt, fiskmarkaðir eru annað. Frjálst fiskverð, betra vegakerfi og margt fleira hefur gert það að verkum að sjávarútvegur er orðinn eins og hver önnur atvinnugrein. Það sem ég ætla að koma að er að hnignun sjávarbyggða hafi hafist mun fyrr en kvótakerfið kom til sögunnar.

Samgöngubyltingin fyrri

Samgöngur á Íslandi voru lengi vel mjög frumstæðar. Enginn leið var til að fara á milli nema á fæti eða ríðandi og ár og heiðar torvelduðu för. Það voru heiðar sem kallaðar voru sjö skóa heiðar vegna þess að fólk sleit sjö skóm á að fara yfir, þ.e. skóm úr steinbítstroði. Ef það þurfti að flytja þungan hlut á milli svæða þá var hann fyrst fluttur með skipi til Kaupmannahafnar og síðan til baka þangað sem hann átti að fara. Þegar við fengum stjórnarskrána 1874 öðlaðist Alþingi fjárveitingarvald og eitt fyrsta verkefnið sem það stóð fyrir var uppbygging strandsamgangna. Það var í rauninni þá sem þéttbýlismyndun á Íslandi hófst. Til að þéttbýli gæti myndast þurftu að vera til greiðar flutningaleiðir svo hægt væri að koma aðföngum að byggðinni og flytja vörur frá henni. Í raun komu strandsiglingar í stað járnbrauta hjá hinum þéttbýlli þjóðum. Það var reyndar talað um það að leggja járnbraut um Suðurland frá Reykjavík þótt aldrei hafi orðið að því. Ég er eiginlega viss um að ef það hefði verið gert á sínum tíma þá væri mjög stórt þéttbýlissvæði á Suðurlandi til staðar í dag.

En það lá beint við að efla strandsiglingarnar þar sem langflestir landsmenn bjuggu nálægt strönd landsins. Það hefði líka kallað á miklar fjárfestingar að ryðja nýja vegi, leggja brýr og annað. Við réðum illa við það og ráðum illa við það enn í dag. Loks má benda á að hafnir og vitar nýttust ekki aðeins fyrir sjósamgöngur heldur einnig fyrir sjávarútveginn. Á tímabilinu frá 1880 til 1930 myndaðist

Þannig nýtt þéttbýlisnet með þjóðvegi yfir sjóinn. Staðir á kjálkum og annesjum lentu nú í þjóðbraut. Siglufjörður er dæmi um stað sem var afskekktur en fyllist af fólki á tuttugu til þrjátíu árum upp úr 1890. Það var fyrst og fremst vegna þess að hann var í skipaleið og hentaði vel sem miðstöð. Á Vestfjörðum var mjög hröð þéttbýlismyndun á tímabilinu 1880-1950. Á Suðurlandi, aftur á móti, var mjög hæg þéttbýlismyndun á þessu sama tímabili. Staðreyndin er sú að á meðan sjósamgöngur voru við lýði voru Vestfirðir "nær" Reykjavík heldur en Suðurland.

Árið 1930 er vegakerfi landsins tíu til tuttugu prósent af því sem nú er (miðað við lengd vega). Þegar Jónas frá Hriflu var lýstur geðveikur árið 1930 ákvað hann að halda fundi víðsvegar um landið til að sýna fram á að um misskilning væri að ræða. Hann hélt fjórtíu til fimmtíu fundi á einum mánuði – það tókst honum aðeins vegna þess að hann fékk Landhelgisgæsluna til að sigla með sig hringinn í kringum landið. Ólafur Thors vildi fara á eftir honum og æsa hann upp á stjórn málafundum. Jónas neitaði hins vegar að hleypa honum um borð í varðskipið, sagði að togarar Kveldúlfs, fyrirtækis Ólafs, hefði verið staðið að landhelgisbrotum og hann gæti ekki hleypt brotamönnum um borð í skipið. Að lokum fékk Ólafur einn togara Kveldúlfs til að sigla á eftir Jónasi. Þessi saga lýsir vel ástandinu um 1930, öll þjóðin bjó við sjóinn og eina leiðin fyrir Jónas til að fara um landið á svo skömmum tíma var að nota varðskipið.

Samgöngubyltingin seinni

Á tímabilinu 1930-1960 breyttist flutningakerfi landsins. Við lögðum út í gífurlega miklar fjárfestingar, sérstaklega eftir stríð. Þá eflidist vegakerfið mikið og bifreiðar urðu almenningseign. Samkeppnishæfni sjóflutninga minnkaði mjög fljótt. Strandflutningar með fólk lögðust af árið 1969 og nú er aðeins eitt skip eftir í strandsiglingum. Þegar sjósamgöngur lögðust af urðu sjávarbyggðir utanveltu. Í stað þess að vera í hringiðunni þá lentu þær nú á jöðrunum. Það sem gerðist eftir 1950 var að samkeppnishæfni þeirra, m.t.t. atvinnulífs, versnaði verulega. Þær héldu reyndar enn um sinn yfirburðum sínum í sjávarútvegi. Reyndar upplifðu þær skammvinnt blómaskeið með skuttogaraævintýrinu á tímabilinu 1970-1980.

En eftir 1980 kom kvótakerfið, fiskmarkaðir, sjófrysting, breytingar á útflutningshöfnum og betri vegir. Allir þessir þættir þýða að sjávarútvegur er nú að losna úr tengslum við ákveðna staði. Það er hægt að stunda veiðar og vinnslu næstum hvar sem er og staðsetningin skiptir ekki eins miklu máli. Það er hægt að sækja sjóinn á stórum bátum, það er líka hægt að keyra fiskinn burt og svo er hægt að flytja kvótann burt. Þannig að það hafa átt sér stað miklar breytingar sem þýða það að fiskiðnaður er orðin eins og hver annar iðnaður. Það er ekkert furðulegt við það að Akureyri skyldi byggjast upp sem fiskvinnslumiðstöð. Akureyri er gamalgróin

iðnaðarmiðstöð og það er sjálfgefið að þeim gangi vel í fiskiðnaði eins og í öðrum iðnaði, því fiskiðnaður er í raun ekkert mikið öðruvísi en venjulegur iðnaður.

Ég hef hér flokkað byggðir landsins í hafnarbyggðir og vegabyggðir. Hafnarbyggðir eru m.a. byggðir á Vestfjörðum, Austfjörðum, Tröllaskaga og í Vestmannaeyjum. Vegabyggðir eru hins vegar staðir á hringvegi eitt. Það eru reyndar til staðir á hringvegi eitt sem hafa heldur verið að dala en samt er meginþróunin skýr. Frá 1880 þegar sjósamgöngur byrja er mjög hraður vöxtur í hafnarbyggðum sem síðan dettur niður eftir 1950. Aftur á móti er nokkuð jafn vöxtur í svokölluðum vegabyggðum.

Sértækar aðgerðir: Kostir og gallar

Þannig að það sem hefur verið að gerast á síðustu áratugum er ekki aðeins það að fólk hafi verið að flytja til Reykjavíkur, heldur hefur byggðamynstrið verið að breytast í landinu. Fólk hefur verið að flytja inn til landsins miklu meira og það er að byggjast nýtt þéttbýlisnet í kringum Reykjavík. Sjávarbyggðirnar sem mynduðu þéttbýlisnet í kringum Reykjavík með sjósamgöngum hér áður fyrr eru það ekki lengur. Hið nýja þéttbýlisnet í kringum Reykjavík grundvallast á vegasamgöngum og það breiðir úr sér til Borgarfjarðar, Suðurlands, Reykjaness og kannski til Snæfellsness og Mýrarsýslu. Fjarlægðin frá þessu neti er byrði sem sjávarbyggðirnar þurfa að bera í samkeppni við önnur byggðarlög um fólk og fyrirtæki. Þessi samkeppni er háð á tvennum vígstöðvum: Á grundvelli atvinnu, launa og kostnaðarhagræðis, en einnig á sviði félagslegra aðstæðna, tækifæra og lífskjara.

Það er ljóst að sértækar byggðaáðgerðir geta stutt við einn og einn stað, en þær skipta litlu fyrir heildarþróunina. Það að áðgerðir séu sértækar þýðir að þær geta stundum tekist og stundum misheppnast, eftir atvikum. Kárahnjúkavirkjun og álverið fyrir austan er bara eitt dæmi. Við erum með miklu fleiri iðnaðarverksmiðjur úti á landi sem hafa verið byggðar upp á svipuðum forsendum en eru mun smærri í sniðum, t.d. þörungaverksmiðjuna á Reykhólum, kísilverksmiðjan við Mývatn og kísiljárnverksmiðjan í Hvalfirði. Þannig að Kárahnjúkavirkjun er í raun áframhald á stefnu stjórnvalda hingað til en bara á miklu stærri skala. Það er ljóst að hinar sértæku áðgerðir hafa ekki áhrif á heildarþróunina. Þær geta fjölgað fólki á ákveðnum stað í ákveðinn tíma, en þær breyta ekki þeirri þróun sem við höfum orðið vitni að. Í rauninni er eina árangursríka byggðastefnan sú að jafna aðstöðumun byggðanna og þá nefndi ég þrjú orð: "Flutningskostnaður/samgöngur", "menntun" og "grunnþjónusta" (eins og póstkerfið, símakerfið og kerfi yfir höfuð). Fyrirtæki geta ekki starfað úti á landi ef þau geta ekki nýtt sér þjónustu frá Reykjavík ... eða hvað?

Það er athyglisvert að flestar borgir í Evrópu byggðust upp við góðar hafnir, sjó eða fljót: París, New York, Moskva, þetta eru allt staðir sem byggðust upp út af samgönguhagræði. Þessar borgir hafa ekki farið í eyði þrátt fyrir að samgöngur hafi breyst. Þær hafa haldið stöðu sinni vegna þess að þær eru orðnar nægilega stórar til þess að skapa sína eigin miðju. Þær hafa í raun sveigt umferðina til sín. Ef þið hugsið um það þá er miðja og jaðar dálítið afstætt. Ísafjörður t.d. er mjög nálægt því að geta talist miðja, staðið sér og sveigt umferð til sín. En fyrir aðra minni staði er þetta mjög erfitt. Í rauninni ætti eitt lykiltríði í byggðastefnu að vera að opna aðgang að Reykjavík, auðvelda smærri byggðum að nýta sér þjónustu Reykjavíkur. Sundabrautin er fyrst og fremst hagsmunamál landsbyggðarinnar, ekki Reykvíkinga. Reynslan sýnir líka að eftir því sem aðgengi að borgunum er auðveldara þeim mun líklegra er að fyrirtækin flytji sig úr þeim.

Ályktanir og lokaorð

Kárahnjúkavirkjun og Fjarðarál eru líklega einhverjar stærstu sértæku byggðaaðgerðirnar í sögu landsins. Það þarf ekki ríkisframkvæmdir til að íslenska hagkerfið vaxi, það hefur vaxið síðustu hundrað árin og kemur til með að gera það áfram. Framkvæmdirnar fyrir austan eru fyrst og fremst byggðaaðgerðir og þær eru það stórar að þær geta framkallað byggðaröskun á öðrum svæðum – aðallega vegna herra gengis (kannski líka hærri vaxta) sem kemur sér illa fyrir sjávarútveginn, ferðaþjónustuna og iðnað annars staðar á landinu. Forsenda þess að aðgerðirnar skili árangri er að það skapist krítískur byggðarmassi eystra. Því hefur verið haldið fram að Austfirðir hafi gefið eftir einmitt vegna þess að þeir hafi enga stóra miðju, eins og t.d. Akureyri er fyrir Norðurland eða Ísafjörður fyrir Vestfirði. Ef aðgerðirnar skila einhverjum varanlegum árangri er það fyrst og fremst með því að skapa krítískan massa sem hleður utan á sig með einhverjum hætti. Ef það gerist ekki þá munu þær ekki hafa langvarandi áhrif á byggð fyrir austan. Núna væri einmitt tækifæri til að flytja háskólann til Egilsstaða og reyna að byggja þar eitthvað upp í kringum það sem er að gerast þar.

Byggðaröskun síðustu aldar snýst ekki aðeins um flutninga til Reykjavíkur heldur líka flutninga á fólki milli svæða úti í á landi. Það er matsatriði hvernig ríkisvaldið á að berjast á móti ákveðinni þróun og hvenær það á að sætta sig við hana og reyna að lina sársauka þeirra sem fyrir henni verða. Það gleymist oft að byggðirnar í sjálfu sér skipta engu máli. Það er fólkið sem skiptir höfuðmáli. Þannig að byggðastefnan hlýtur að miða að því að auka hagsæld fólksins. Meginmarkmiðið er ekki að halda ákveðinni hausatölu á ákveðnum stað heldur að tryggja að fólki líði vel á viðkomandi stað og að það búi við góð líf skjör. Þetta er í rauninni það sem ríkið þarf að velta fyrir sér. Byggðastefna er fyrst og fremst pólitísk stefnumörkun þar

sem almenningur er æðsti dómari að gefnu fullu gagnsæi um kostnað. Hagfræðingar eiga aðeins að finna leiðir til þess að fólk fái sem mest fyrir peninginn!

Einar Mäntylä
ORF líftækni hf.
(Texti unnin upp úr fyrirlestri)

NÝSKÖPUN Á ÍSLANDI – SÓKN ER EINA VÖRNIN!

Góðan dag ágætu fundarmenn. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að fá að halda hér erindi um nýsköpun – sem er mér mikið hjartans mál, enda er það nokkuð sem ég er að fást við ásamt góðu fólki hjá ORF líftækni. Ég ætla aðeins að renna í gegnum það sem mér datt fyrst í hug um stöðuna þegar leitað var til mín og ég spurður um titil á erindinu. Ætti ég að kalla það “Neyðarkall frá norðurskauti”, eða “Stefnan norður og niður”, eða “Sóknarfæri í sveltí”. Það kom til álita að setja bara “Nýsköpun á Íslandi” innan sviga því það er það sem hún er í allri stefnumótun hér á landi. Man einhver eftir orðinu nýsköpun í kosningarbaráttunni? Ég heyrði hana aldrei. En ég kalla þennan fyrirlestur “Sókn er eina vörnin”. Ég má ekki vera neikvæður, allavega ekki á fyrstu glæru.

ORF Líftækni er lítið íslenskt líftæknifyrirtæki sem er að hanna framleiðslukerfi í plöntum, þ.e. fá plöntur til að framleiða ný verðmæti. Fyrirtækið er því í orðsins fyllstu merkingu að rækta verðmæti, þar á meðal lyf framtíðarinnar. Ræktunin verður í höndum bænda og það er lögð áhersla á öryggi afurða og umhverfis. Úrvinnslan fer fram á sérstökum úrvinnslustöðum. Starfsmenn ORF eru 11 og sjá svo um að rækta verðmæti úr afurðum úrvinnslustöðvanna. Þetta er lýsandi dæmi fyrir líftækni, þ.e. hún er þverfagleg: Hún er ekki landbúnaður, ekki iðnaður, ekki lyfjaframleiðsla – heldur þetta allt saman. Fyrir vikið felst í þessu nýsköpun og nýsköpun, eins og ég sagði áðan, er innan sviga hér á landi. Af öðrum sem hafa komið að verkefninu ber helst að nefna Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, sem af mikilli framsýni hefur haldið þessu verkefni á floti á mjög viðkvæmum tíma og á bestu þakkir skilið fyrir það.

Nýsköpunarumhverfið á Íslandi

Fræðilega mætti lýsa fjármögnunarferli sprotafyrirtækja með eftirfarandi hætti: Það byrjar sennilega sem verkefni hjá Rannís með rannsóknarstyrkjum. Í kjölfarið ætti að koma til tækniþróunarsjóður, þ.e. einhver aðili sem eflir þróunarstarf þangað til að aðrir sjóðir koma til sögunnar, því það er talsvert í land að þetta sé farið að skila hagnaði en það þarf engu að síður fjármagn til að reka sprotafyrirtæki fram að þeim punkti. Síðar ættu að koma til nýsköpunarsjóðir, atvinnuþróunarsjóðir, framtaksfjárfestar og loks lánastofnanir. Út úr þessu ferli á að koma fyrirtæki sem skilar verulegri veltu og miklum hagnaði.

Í raun er fjármögnunarferli sprotafyrirtækja með allt öðrum hætti: Rannís er þarna ennþá og gerir sitt besta en hefur úr litlum fjármunum að spila. Tækniþróunarsjóður er ekki komin á fjárlög

[2003] en ég vona að morgundagurinn leiði annað í ljós [1. október, kynning á fjárlögum 2004]. Atvinnuþróunarsjóður er sjóður sem upp kom í tengslum við sjávarútveginn. Nýsköpunarsjóður skrapp saman, hann er tómur. Það var ákveðið á stjórnarfundum Nýsköpunarsjóðs í desember 2002 að fjármagna ekki nein ný verkefni. Það er ekkert gaman að taka slíka ákvörðun en það var gert vegna þess að ekki var til eyrir í kassanum.

Á heildina litið má segja að hér hafi myndast nýsköpunargjá. Sprotafyrirtæki hér á landi geta ekki fjármagnað sig alla leið. Nýsköpunarsjóðirnir hafa skroppið saman. Atvinnuþróunarsjóðirnir og framtaksfjárfestarnir aftur á móti eru farnir að haga sér eins og hverjir aðrir fjárfestar og gera sömu kröfu um arðsemi sinnar fjárfestingar. Ef sprotafyrirtæki tækist að komast þangað í fjármögnunarferlinu þar sem framtaksfjárfestar og atvinnuþróunarsjóðir eru innan um lánastofnanirnar þá náttúrulega leita þau til lánastofnana frekar en atvinnuþróunarsjóðanna.

Ég hef heyrt dæmi þess að atvinnuþróunarsjóður vildi ekki taka þátt í verkefni vegna þess að það hafði einhverja þróun í för með sér, það var ekki búið að fullþróa allt. Okkur sem stöndum í nýsköpun, er ekkert skemmt yfir þessu. Tækniþróunarsjóður er ekki enn kominn á fjárlög. Vonandi kemur hann á fjárlög núna, en ég set samt svolítið spurningarmerki við samsetninguna á stjórn hans, þ.e. þar eru nákvæmlega allir úr samfélaginu – nema þeir sem stunda nýsköpun. Aðalmálið er það að tækifæri til atvinnuþróunar er að glatast, misseri eftir misseri. Atvinnuþróun er ekki vél. Maður startar ekkert á henni þegar virkjanaáformum er lokið. Það þarf margra ára grasrótastarf þar til hún skilar einhverju.

Nýleg rannsókn leiddi í ljós að stór hluti ungs fólks sér framtíð sína erlendis en ekki á Íslandi, hvað þá í heimahéraði. Þetta ætti að vekja alla til umhugsunar um hvernig samfélagið ætlar að taka á móti þessu unga fólki og að halda í það. Einsleit atvinnutækifæri eru ekki líkleg til að halda því "heima". Þetta segir líka annað: Það er tímabært að hætta að eyða orku í pólariseringuna á milli landsbyggðar og höfuðborgar. Raunveruleg byggðastefna hlýtur að miða að því að halda landinu í byggð, því samkeppnin um mannauðinn, fjármagnið og atvinnutækifærin er við útlönd, ekki á milli hreppa.

Nýsköpunarumhverfið í nágrannalöndunum

En hvernig verja þá aðrar þjóðir samkeppnishæfni sína? Tökum Þýskaland sem dæmi. Þar var sett af stað hin svokallaða Bioregio-áætlun fyrir sprotafyrirtæki í líftækniíðnaði. Hér var lögð áhersla á að styðja en ekki stýra nýsköpun. Hið opinbera lagði til fé með framtaksfjárfestum. Opinbert fé allt að þrefaldaði það fjármagn sem fjárfestarnir lögðu til. Fjárfestarnir rannsökuðu sprotafyrirtækin og ef þeim leist vel á þau, þá var ákveðið að leggja peninga í þau. Á

Þessu stigi kom hið opinbera til sögunnar. Sambandsstjórnin jafnaði hlutafé fjárfesta svæðisbundið (e. *silent partner*). Fylkisstjórnir veittu lögfræði- og rekstrarráðgjöf og jafnvel húsnæði. Þá var innbyggður hvati í fjármálastofnunum og bönkum að taka þátt í áætluninni.

Árangurinn skilaði sér í 150 nýjum sprotafyrirtækjum innan líftæknigeirans. Vissulega komu fram vandamál. Atvinnuþróunarsjóðirnir voru t.d. farnir að sækja um peninga í nýsköpunina sem fyrirtæki. Einnig fengu fyrirtæki í rauninni of mikila peninga of auðveldlega. Nýjar tillögur í Þýskalandi, frá því í sumar, taka til skattamála: Fyrirtæki sem leggja a.m.k. 15% af veltu í rannsóknar- og þróunarstarf geta fengið uppsafnað tap frádráttarbært frá skatti. Einnig var felldur niður skattur af fjárfestingu einkaaðila og/eða kauprétti starfsmanna í sprotafyrirtækjum. Loks var ákveðið að enginn skattur yrði lagður á þessi fyrirtæki fyrstu 8 árin. Það er verið að beita skattkerfinu til að létta róðurinn.

Í Frakklandi var stuðningur við nýsköpun að kosningarmáli í síðustu forsetakosningunum og kepptust menn þar við að ræða um nýsköpun. Þar var sett af stað hin svokallaða Biotech 2002-áætlun fyrir sprotafyrirtæki í líftækniíðnaði. Gert var ráð fyrir 60 milljónum evra í frumfjármögnun sprotafyrirtækja og 90 milljón evra í ríkisábyrgð. Það er hreinlega yfirlýst stefna núna, þegar það er lægð bæði í upplýsinga- og líftæknigeiranum, að hið opinbera leggi fram peninga til að styrkja franska aðila til yfirtöku á þekkingarfyrirtækjum í Evrópu. Varðandi ríkisábyrgðirnar þá er athyglisvert, út frá umræðunni hér á landi, að í Frakklandi standa þær fleiri fyrirtækjum til boða en einhverju einu. Ríkisábyrgð er m.a. hugsuð til að liðka fyrir lánveitingum hjá bönkum. Skattaívilnanir mjög svipaðar og í Þýskalandi, þ.e. sprotafyrirtæki yngri en átta til tíu ára, og/eða þau sem veita 10-15% af veltu í rannsóknar og þróunarstarf, þurfa ekki að greiða nein opinber gjöld, hvorki skatta né launatengd gjöld.

Við höfum oft litið til Íra, frænda okkar. Sambærileg líf- og tækni-áætlun þeirra Írsku myndi kosta okkur sem næmi 3-5 milljörðum króna miðað við höfðatölu. Staðreyndin er sú að ekki er lagður eyrir í þetta hér á landi. Margt annað er til vitnis um gott nýsköpunar-umhverfi á Írlandi sem laðar að hátækniíðnaði. Bara innan lyfjageirans er núna verið að byggja upp 80 milljarða króna verksmiðju sem mun veita 1.300 manns atvinnu. Níu af hverjum tíu stærstu lyfjafyrirtækjunum hafa komið sér fyrir á Írlandi. Lyfjaútflutningur nemur 25% alls útflutnings frá landinu. Leitað hefur verið til Finnlands varðandi formið á tækniþróunarsjóðnum íslenska. Tækniþróunarsjóðurinn í Finnlandi veitir árlega sem nemur 11 milljörðum króna til lífvísindarannsókna. NeoBio-áætlunin, sem sér um sprotafyrirtæki og nýsköpun í líftæknigreinum, hefur veitt 32

styrki síðan 2001, að meðaltali að upphæð 133 milljónum króna. Finnsku líftæknifyrirtækin eru ekkert stærri en þau íslensku og þurfa ekkert meira fé heldur en þau.

Sem sagt í nágrannalöndunum fjárfestir hið opinbera ríkulega í nýsköpun með langtímaaðgerðum – og fær ríkulega endurgreitt í formi öflugs og fjölbreytts atvinnulífs, bættrar samkeppnishæfni og aukinna skatttekna í framtíðinni.

Ábyrgð

Þar sem ekki er fjárfest í nýsköpun, stefnir í það að atvinnulíf verður einsleitara og samfélagið staðnar og þá hlýtur það að verða viðkvæmara fyrir sveiflum, byggðaröskun og jafnvel atgerfisflótta úr landi. Að mínu mati þá er íslensk nýsköpun núna komin á vergang og mun brátt leita til heitari landa.

Það má velta fyrir sér hlutverki hinna ýmsu aðila í þessu efni hér á landi. Hið opinbera hirðir skatttekjur frá fyrsta degi frá sprotafyrirtækjum en síðan er það mjög takmarkað sem þau geta sótt til ríkisins á móti. Það má líka velta fyrir sér hlutverki lífeyrissjóða. Samkvæmt greiningardeild Landsbanka Íslands þá hafa þeir fjárfest fyrir rúma 15 milljarða erlendis frá áramótum en aðeins fyrir u.þ.b. 3 milljarða á Íslandi. Með öðrum orðum, það er verið að auka fjárfestingar erlendis. Ef peningurinn væri til reiðu fyrir nýsköpun á Íslandi þá værum við í miklu betri málum en ella þegar virkjanaframkvæmdum lýkur, því að nýsköpun tekur tíma. Ef grasrótin er ekkert vökvuð fram að þeim tíma þá verður bara sviðin auðn eftir þegar til á að taka. Mér finnst líka spurning hvort lífeyrissjóðirnir eigi ekki að bera einhverja ábyrgð á atvinnuþróun í landinu þó ekki væri nema til að tryggja að einhverjir sjóðfélagar yrðu eftir að 10-20 árum liðnum.

Hvað bankana varðar þá er ljóst að þeir eru í geysilegri útrás. Eflaust vita þeir vel hvað þeir eru að gera. En ég hef samt áhyggjur af því að þeir sjái ekki alveg fjárfestingartækifærin sem eru alveg við tærnar á þeim. Bankarnir hafa sjálfsagt enga siðferðislega skyldu til þess að notfæra sér tækifærin hér heima, en ég held hins vegar að um séu að ræða góð tækifæri sem eru að fara forgörðum. Staðan er í raun súrealísk: Sprotafyrirtækin eru í samræðum við lyfjarisa, Geimferðastofnun Bandaríkjanna og Microsoft, en eru samt í þeirri stöðu að eiga varla fyrir flugfarinu á samningafundina.

Ályktanir og lokaorð

Nýlega birtist grein í Morgunblaðinu eftir Hjálmar Árnason þar sem hann leggur fram tillögur til úrbóta. Hann leggur til að stofnaður verði nýr þróunarsjóður (hið opinbera, lífeyrissjóðir og einkageirinn leggi árlega tvo milljarða króna í þróunarsjóð sem úthluti með lítilli skriffinnsku til nýsköpunarverkefna), að ávöxtunarkrafa verði sem

minnst, að veittur verði skattaafsláttur fyrir framlög til nýsköpunar og þróunarstarfs og að opinberir pottar verði einfaldaðir og sameinaðir.

Eins og ég hef sagt þá eru tveir milljarðar ekki miklir peningar miðað við það sem er að gerast í kringum okkur – og við erum að tala um samkeppnishæfni landsins, fjöreggið, atvinnuþróunina. Varðandi ávöxtunarkröfuna þá er ljóst að ein af ástæðunum fyrir því, að framtaksfjárfestar og atvinnuþróunar- og nýsköpunarsjóðir kippa að sér höndum, er sú að opinberum sjóðum er uppálagt að ávaxta sitt pund. Ávöxtunarkrafan verður þess valdandi að menn leggja ekki peninga í nýsköpun – hún er of áhættusöm. Það þarf að aflétta þessari ávöxtunarkröfu, hún kemur hvort eð er hjá fjárfestunum síðar meir. Skattaafsláttur fyrir framlög til nýsköpunar og þróunarstarfs gæti hvatt einstaklinga og fyrirtæki til að leggja meira af mörkum í þessu efni hér á landi. Ég sé alveg fyrir mér að sömu aðilar sem hafa ekki þennan hvata hér á landi gætu verið að leggja fram svona framlög erlendis vegna þess að þar er skattaafsláttur og verið að umbuna fólki. Þannig að íslenskir peningar gætu endað í nýsköpun á erlendri grundu.

Nýsköpunargjain er köld og rök og hana þarf að brúa. Það sem líklega myndi gerast, ef þær hugmyndir, sem reifaðar voru hér að ofan, um nýjan þróunarsjóð, yrðu að veruleika, er það að þegar atvinnuþróunarsjóðirnir og framtaksfjárfestarnir sjá að það er mögulegt að fullfjármagna verkefni áleiðis þá myndu þeir koma aftur inn í fjárfestingarferli sprotafyrirtækjanna. Núna hafa þeir afsökunina, “við sjáum ekki að þið getið fjármagnað þetta alveg til fulls þannig að við ætlum ekkert að koma að þessu”. Ef allir segja það þá gerist ekkert annað en atvinnuþránun.

Það tekur nýsköpun tíma að skila sér til samfélagsins. Stuðningur við nýsköpun skilar sér í aukinni breidd og velferð í samfélaginu nokkrum árum síðar. Stuðningur nú myndi t.d. skila sér í þjóðarbúið um það leyti sem Kárahnjúkavirkjun lyki. Nýsköpun í dag er þess vegna eitt svarið við spurningunni, “Kárahnjúkar- hvað svo?” Það er kominn tími til að virkja eitthvað annað en vatn. Það er ekki eins og við höfum eitthvert val. Í nýsköpun þá er sókn ekki bara besta vörnin, hún er eina vörnin sem við höfum.

Lilja Mósesdóttir
Viðskiptaháskólanum á Bifröst
(Texti unnin upp úr fyrirlestri)

ER ÞEKING UPPSPRETTA NÝRRA STARFA?

Ég hef verið beðin um að velta fyrir mér spurningunni hvort þekking sé og verði uppspretta nýrra starfa í framtíðinni. Áhugi á mikilvægi þekkingar í atvinnusköpun má meðal annars rekja til þess að mikil umræða hefur farið fram um þekkingarhagkerfi annars vegar og þekkingarsamfélag hins vegar. Í þekkingarhagkerfinu eru ný tækni og menntun virkjuð við þekkingarsköpun og þekkingarúrvinnslu til að auka framleiðni og hagvöxt. Hugtakið þekkingarsamfélag vísar aftur á móti til þess að stjórnvöld, ásamt aðilum vinnumarkaðarins, nota þekkingarhagkerfið markvisst til að skapa fleiri og betri störf og til að tryggja félagslegan jöfnuð.

Þekkingarhagkerfið

Rannsóknir bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum hafa sýnt að þekkingarstörfum hefur fjölgað í þekkingarhagkerfinu, en þetta þýðir ekki endilega að störfum hafi almennt fjölgað. Dæmi eru um hagvöxt án atvinnusköpunar: Nýting nýrrar tækni og þekkingar vinnuafls leiðir til framleiðniaukningar og óhagkvæm störf leggjast af. Einnig eru til dæmi um hagvöxt sem byggir á atvinnusköpun í nýjum greinum og fyrirtækum: Nýting nýrrar tækni og þekkingar vinnuafls leiðir til framleiðniaukningar og störfum fjölgar. Loks eru dæmi um hagvöxt sem byggir á sköpun þekkingarstarfa annars vegar og ófaglærðra starfa hins vegar: Nýting nýrrar tækni og þekkingar vinnuafls virkjuð í gömlum og nýjum atvinnugreinum sem leiðir til framleiðniaukningar. Rannsóknir OECD hafa sýnt að það megi skýra hluta hagvaxtar á tíunda áratugnum í þessum löndum með aukinni menntun vinnuafls og því að þekkingarstörfum hafi almennt fjölgað. Það má því segja að við séum að sigla á hraðri leið inn í þekkingarsamfélagið en það er mjög misjafnt hvort til hafi orðið fleiri og betri störf.

Ójöfnuður

Á sama tíma og þekkingarstörfum hefur fjölgað hefur komið í ljós að tekjuójöfnuður og óöryggi hefur farið vaxandi. Í löndum þar sem afkoma einstaklinga er háð markaðspróun hefur tekjuójöfnuður aukist hvað mest. Dæmi um slík lönd eru Bandaríkin, Bretland og Ísland (frá 1995). Ástæðurnar fyrir vaxandi tekjuójöfnuði eru, í fyrsta lagi, aukinn launamunur milli faglærðra og ófaglærðra. Þetta er rakið til aukinnar samkeppni Vesturlanda við láglaunalönd annars vegar og aukinnar framleiðni (og þar með hærri launa) faglærðra hins vegar. Önnur ástæða er vaxandi launamunur meðal háskólamenntaðra starfsmanna. Tekjuójöfnuður einskorðast ekki við starfsstéttir, landfræðilegur munur hvað varðar fjölgun starfa og

tekjuskiptingu hefur einnig verið að aukast. Rannsóknir sýna að flest störf verða til í og við stórborgir. Ekki endilega í þéttbýli, heldur þar sem stærstu þéttbýlisstaðirnir eru. Þetta hefur orðið til þess að tekjuójöfnuður hefur aukist milli þéttbýlis og dreifbýlis. Auk þess hefur fjölgun þekkingarstarfa, sem í flestum tilfellum eru hálaunuð störf, orðið til þess að tekjuójöfnuður innan þéttbýlis er mun meiri heldur en í dreifbýli. Það má því segja að dreifbýlið búi við meiri jöfnuð í tekjum en þéttbýlið en að tekjur þar séu samt almennt lægri.

Þegar staða karla og kvenna er skoðuð á vinnumarkaði kemur í ljós (allavegana innan Evrópusambandsins) að meiri menntun og aukin atvinnuþátttaka kvenna hefur ekki aukið jöfnuð á vinnumarkaði. Meginástæðan er sú að konum hefur ekki vegnað neitt sérstaklega vel í nýja hagkerfinu. Sem dæmi um þetta þá er hlutfall starfandi kvenna í upplýsinga- og tæknifyrirtækjum mun lægra heldur en í gömlum, hefðbundnum atvinnugreinum og það eru mun færri konur sem sitja í stjórn þessara nýju fyrirtækja heldur en í gömlu fyrirtækjunum. Auk þess hefur launamunur meðal háskólamenntaðra karla og kvenna alltaf verið mjög mikill og farið vaxandi. Það sem gerist er að konur auka við sig menntun, þær fara úr því að vera hópur ófaglærðra á vinnumarkaði yfir í það að verða háskólamenntaðar, og við það eykst kynbundinn launamunur. Kynbundinn launamunur hefur alltaf verið mun meiri meðal háskólamenntaðra en ófaglærðra. Loks draga kröfur um aukna framleiðni og um það að vera tiltækur utan hefðbundins vinnutíma úr möguleikum karla og kvenna til að samþætta vinnu- og fjölskyldulíf. Slíkt eykur á hefðbundna verkaskiptingu inni á heimilunum.

Óöryggi

Það er ekki bara ójöfnuður sem hefur verið að aukast á vinnumarkaði í Evrópu. Sérfræðingar eru líka sammála um að launafólk búi nú við miklu meira óöryggi en fyrir nokkrum árum. Ástæðurnar eru taldar vera aukinn sveigjanleiki á vinnumarkaði, hvað varðar ráðningarform, vinnustundir og staðsetningu vinnunnar. Auk þess sem endingartími menntunar hefur styst (Evrópusambandið telur að hún endist ekki nema í um 8 ár) en það eykur náttúrulega á óöryggi þeirra sem eru á vinnumarkaði. Í dag eru fleiri í tímabundinni vinnu en áður og vinnustundir ráðast af breytilegum opnunartíma fyrirtækja frekar heldur en af klukkunni. Staðsetning vinnunnar er í mun meira mæli að færast af vinnustað yfir á heimilin sem aftur gerir skilin milli vinnu og frítíma mjög óljós.

Ofmenntun

Sérfræðingar í Evrópu hafa byrjað að velta fyrir sér hvort við séum í raun að upplifa ofmenntun á vinnumarkaði. Það kom nefnilega í ljós í könnun sem Eurostat gerði meðal starfandi í Evrópu að 58% þeirra

töldu að þau væru ekki að nota þá menntun og færni sem þau bjuggu yfir. Ástæðurnar sem að hagfræðingar, og annað félagsvísindafólk, hefur gefið fyrir ofmenntun eru a.m.k. fimm:

- Um getur verið að ræða einstaklingsbundnar áherslur. Einstaklingar bera virðingu fyrir menntun og leggja því á sig að feta menntavegin.
- Aðgengi og útgjöld til menntamála hafa verið aukin í öllum OECD-löndum.
- Ofmenntun getur verið tímabundin, þ.e. hún getur bara varað meðan hagkerfið er að fara í gegnum niðursveiflu en þá fresta fyrirtæki oft nýráðningum á dýru vinnuafli.
- Ofmenntun getur líka einkennt tímabil í lífi fólks, þ.e. einskorðast við þann tíma sem fólk er að festa sig á vinnumarkaði. Margir nýútskrifaðir þurfa að sætta sig við störf sem krefjast minni menntunar en þeir hafa.
- Markaðsbrestir, þ.e. þegar einstaklingar fjárfesta ekki í þeirri menntun sem atvinnulífið kallar eftir.

Spyrja má af hverju einstaklingar eru ekki tilbúnir að fjárfesta í menntun sem atvinnulífið kallar eftir og er jafnvel tilbúið til að borga hærra laun fyrir. Jú, einstaklingar líta ekki bara á tekjulegan ávinning þegar þeir eru að velta fyrir sér námsleiðum. Þeir meta líka áhættuna sem er á vinnumarkaði. Hvaða atvinnuvernd og atvinnuleysisvernd býður vinnumarkaðurinn upp á? Þegar ég tala um

atvinnuvernd þá er ég að vísa til starfs- og launaöryggis; atvinnuleysisvernd nær yfir tekjutap vegna atvinnuleysis. Þessi áhætta eða vernd er mjög mismunandi eftir löndum og hefur verið notuð til þess að útskýra af hverju fólk í sumum löndum fjárfestir meira í fyrirtækjabundinni þekkingu en í öðrum löndum, eins og á Íslandi, þar sem fólk fjárfestir fyrst og fremst í fræðilegri háskólamenntun.

Hér að neðan er tafla þar sem reynt er að útskýra af hverju menntun vinnuafis er mjög ólík í fjórum löndum, þ.e í Danmörku, Þýskalandi, Bandaríkjunum og Japan.

Atvinna fyrir alla: þekking

		Atvinnuvernd	
		Lítill	Mikil
Atvinnuleysis- vernd	Mikil	Einstaklingar fjárfesta í fagkunnáttu sem nýtist í ákveðnum atvinnugreinum Dæmi: Danmörk	Einstaklingar fjárfesta í fagkunnáttu sem nýtist í ákveðnum atvinnugreinum eða í fyrirtækjatengdri kunnáttu Dæmi: Þýskaland
	Lítill	Einstaklingar fjárfesta í almennri þekkingu/færni Dæmi: Bandaríkin og Ísland	Einstaklingar fjárfesta í fyrirtækjatengdri kunnáttu Dæmi: Japan

Heimild: Estevez-Abe, Iversen and Soskice 2001

Ef við byrjum á kassanum efst til vinstri þá sjáum við að í Danmörku er atvinnuvernd lítil, þ.e. starfsöryggi er ekki mikið. Atvinnuleysisvernd er aftur á móti mikil, þar sem að atvinnuleysisbætur eru tekjutengdar. Þetta kerfi gerir fólk viljugt að fjárfesta í frekar sérhæfðri þekkingu, eða þekkingu sem nýtist í ákveðnum atvinnugreinum, þar sem atvinnuleysisbæturnar veita næga vernd gegn tekjumissi. Fólk með sérhæfða þekkingu þarf nefnilega í flestum tilvikum lengri tíma til að finna vinnu við hæfi en þeir sem hafa almenna menntun og færni. Í Þýskalandi aftur á móti er mikil atvinnu- og atvinnuleysisvernd og einstaklingar þar eru tilbúnir til að fjárfesta í mjög sérhæfðri þekkingu. Í Bandaríkjunum, og Íslandi, fer saman lítil atvinnu- og atvinnuleysisvernd og þar fjárfesta einstaklingar fyrst og fremst í almennri þekkingu til þess að draga úr áhættu sinni þegar þeir koma út á vinnumarkaðinn. Þessu er öfugt farið með Japan þar sem einstaklingar fjárfesta í mjög þröngri þekkingu sem nýtist jafnvel bara í einstökum fyrirtækjum.

Á vinnumörkuðum þar sem atvinnu- og atvinnuleysisvernd er mjög lítil, eins og er hér á landi, samanstendur vinnumarkaðurinn af mjög stórum hópi ófaglærðra (yfirleitt fólk sem ekki hefur haft tækifæri til að mennta sig, eða hefur flosnað upp úr fræðilega skólakerfinu og situr fast í láglaunastörfum) annars vegar, og stórum hópi háskólamenntaðs fólks sem flakkar á milli starfa í leit að starfsreynslu og starfsframa hins vegar. Mitt á milli eru atvinnurekendur sem kalla á sérhæft starfsfólk sem er ekki til (þessa hefur gætt á Íslandi, t.d. í áliðnaði). Kerfi þar sem atvinnu- og atvinnuleysisvernd er mjög lítil er reyndar mjög hliðholt konum. Það hefur nefnilega komið í ljós að konur eru miklu líklegri en karlar til að fjárfesta í almennri menntun þar sem slíkt nám dregur mjög úr líkum á því að þeim verði sagt upp og að laun þeirra dragist aftur úr launum karla vegna fjarveru af fjölskylduástæðum. Þetta er náttúrulega vegna þess að það er auðvelt að finna afleysingafólk þegar konur þurfa að fara í fæðingarorlof og laun ráðast í þessum almennu störfum mun minna af starfsreynslu en menntun.

Of mikil almenn menntun á Íslandi?

Íslenskur vinnumarkaður samanstendur af mörgum smáfyrirtækjum. Þessi smáfyrirtæki eru mjög háð hagsveiflum og þurfa t.d. að mæta niðursveiflum með tímabundnum uppsögnum. Þau þurfa því að treysta á að atvinnuleysisbótakerfið sé nógu gott til þess að einstaklingar sérhæfi sig. Atvinnuvernd er mjög takmörkuð hér á landi, m.a. vegna þess hve lítil fyrirtækin eru og viðkvæm fyrir hagsveiflum og eins vegna þess að atvinnurekendur hér á landi geta sagt fólki upp án þess að gefa upp ástæðu. Launafólk býr jafnframt við litla atvinnuleysisvernd hér á landi. Atvinnuleysisbætur eru ekki tekjutengdar (í dag geta þær hæstar orðið 77.500 krónur á mánuði sem segir okkur það að þær veita okkur engan veginn næga vernd gegn tekjumissi). Fram til þessa hefur atvinnuleysi verið mest meðal þeirra sem eru með grunnmenntun og minnst meðal háskólamenntaðra. Þannig að háskólamenntun hefur veitt ákveðna atvinnuvernd. Þessi atvinnuvernd er þó eitthvað að minnka, sérstaklega fyrir háskólamenntaðar konur en atvinnuleysi meðal þeirra hefur tvöfaldast sl. tíu ár. Ástæðan fyrir því er m.a. sú að mikill meirihluti þeirra sem lýkur fyrstu háskólagráðu á Íslandi eru konur. Auk þess hefur atvinnuuppbygging stjórnvalda miðað að því að skapa fleiri ófaglærð störf og störf fyrir fólk með sérhæfða háskólamenntun (sbr. Kárahnjúkavirkjun).

Þrátt fyrir stórauðna menntun kvenna þá breytir það því ekki að Íslendingar á aldrinum 22-65 ára eru almennt minna menntaðir en gerist og gengur innan OECD. Með öðrum orðum: Hér á landi hafa færri lokið löngu framhaldsskólanámi heldur en gerist og gengur í OECD-löndunum. Þeir sem hafa lokið löngu framhaldsskólanámi á Íslandi eru aftur á móti mun líklegri til að ljúka fyrstu háskólagráðu í fræðilegu háskólanámi heldur en gerist og gengur innan OECD – og jafnframt ólíklegri til að ljúka starfsnámi á háskólastigi. Á Íslandi er starfsnám tveggja ára hagnýtt nám þar sem nemendur spreyta sig á hagnýtum verkefnum. Í Þýskalandi og í Danmörku er starfsnám blanda af fræðilegu námi og starfsþjálfun í fyrirtækjum.

Ályktanir og lokaorð

En að lokum, hvernig er hægt að tryggja að þekking haldi áfram að vera uppspretta nýrra starfa á Íslandi? Í fyrsta lagi þurfa aðilar vinnumarkaðarins að taka þátt í að móta og samþætta stefnu í atvinnu- og menntamálum til að koma á þekkingarsamfélagi. Þetta er reyndar það sem hefur verið gert innan Evrópusambandsins frá árinu 1997. Þar hefur atvinnustefnan verið að tengjast menntamálum meira og meira, þar sem menntun er forsenda þess að betri störf verði til. Íslensk stjórnvöld hafa kosið að taka ekki þátt í mótun og framkvæmd atvinnustefnu ESB og fjárframlag ríkisins með hverjum nemanda hefur ráðið þróuninni í menntamálum. Framlagið hefur verið tiltölulega lágt og sett einkaaðilum og opinberum aðilum ákveðnar skorður hvað varðar

framboð á námsleiðum. Í raun og veru hafa þeir aðeins treyst sér til að bjóða upp á fræðilegt háskólanám. Það þarf því að auka fjárframlög til háskólastigsins þannig að háskólarnir geti boðið upp á blöndu af fræðilegu námi og starfstengdu námi. En þetta fjárframlag sem hver og ein háskólastofnun fær er með því lágsta sem gerist innan OECD. Einnig þarf að auka atvinnuleysisverndina með því að tekjutengja atvinnuleysisbætur. Þetta er nauðsynlegt ef fjölga á þeim sem leggja út í mjög sérhæft nám, eins og ið nám og starfstengt háskólanám. Þá þarf að auka atvinnuvernd með því að þrengja möguleika atvinnurekenda til þess að segja upp fólki. Loks þarf að færa regluleg laun nær heildarlaunum hjá þeim sem eru með iðnmenntun ef takast á að fá fleiri konur til að fara í iðnnám. En konur leggja mun meiri áherslu á launaöryggi en karlar.

Gylfi Arnbjörnsson
Framkvæmdastjóri ASÍ
(Texti unnin upp úr fyrirlestri)

SAMANTEKT

Á þessari ráðstefnu um atvinnu- og byggðamál höfum við heyrt mörg fróðleg erindi. Þau munu nýtast okkur, sem störfum á vettvangi Alþýðusambands Íslands, til að svara krefjandi spurningum.

Krefjandi spurningar

Þegar á ársfundi ASÍ 2002 settum við fram þá skoðun að mikilvægt væri að Íslendingar settu sér algjörlega ný markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, þ.e. markmið um að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft; að það skapi hagvöxt, fulla atvinnu og góð störf; og að það tryggji afkomuöryggi og félagslegan jöfnuð. Ástæðan fyrir þessu var ekki einföld. Ástæðan var hins vegar ákaflega mikilvæg. Hún var kannski í hnotskurn þessi: Við erum búin að gjörbreyta allri umgjörð íslenska þjóðfélagsins. Við erum búin að gjörbreyta þeirri umgjörð sem efnahagslífið starfar eftir. Við erum búin að gjörbreyta þeirri áhættu sem við sem einstaklingar stöndum frammi fyrir. Það er ekki lengur þannig að við búum við sama atvinnuöryggi og sömu atvinnuvernd og við höfðum áður. Samt erum við með sömu ramma og sömu skilmálana og við höfðum þegar þessi staða var ekki uppi. Við Íslendingar stöndum því frammi fyrir mjög mikilvægum pólitískum spurningum sem við verðum að svara.

Þetta snýr að efnahagsmálunum: Hvernig ætlum við að stýra hagkerfi þar sem hagvöxt er mjög mikill? Hvernig ætlum við að standa að þessu og viðhalda stöðugleikanum í atvinnulífinu – og stöðugleiki í atvinnulífinu er miklu meira heldur en bara lág verðbólga.

Þetta snýr að félagsmálum: Hvernig ætlum við að tryggja það að íslenskt launafólk búi áfram við öryggi ákvæða kjarasamninga og sem mestan félagslegan jöfnuð? Við erum allt í einu farin að takast á um það hvað eru lágmarkskjör. Það höfum við ekki gert síðan í upphafi síðustu aldar, en allt í einu stöndum við frammi fyrir því að við erum að deila um hvort fólk eigi að hafa fimmtíu þúsund fyrir 250 tíma vinnu á mánuði.

Þetta snýr að líka að atvinnumálum: Hvernig ætlum við t.d. að komast í gegnum það hnökralaust að sjávarútvegur er ekkert lengur eins og hann var fyrir tíu árum? Hvernig ætlum við að komast í gegnum það hnökralaust að möguleikar byggðarlaganna eru ekki þeir sömu og áður? Hvernig ætlum við að komast í gegnum það hnökralaust að taka þátt í alþjóðavæðingu efnahags- og atvinnulífs og ná síðan markmiðum okkar um fleiri og betri og góð störf?

Atvinna og velferð

Menn hafa velt því fyrir sér hvort það sé mótsögn í tillögum okkar annars vegar um atvinnu og hins vegar um velferð. Við mótuðum mjög skýra stefnu í velferðarmálum á síðasta ársfundi. Við útfærðum tillögur upp á rúmlega níu milljarða um það hvernig við viljum bæta velferðarkerfið. Að mestu sneri þetta að bótakerfinu en líka að heilbrigðis- og húsnæðiskerfinu. Við erum núna að leggja af stað í stefnumótandi vinnu varðandi atvinnu- og byggðarmál. Góð störf, betri lífskjör, traust réttindi byggð á kjarasamningum. Spurningin er þessi: Erum við í mótsögn við okkur með þessu?

Sumir myndu segja að hækkun opinberra útgjalda muni valda ofpenslu með tilheyrandi vaxtahækkunum, verðbólgu og hækkun raungengis sem aftur drepur alla nýsköpun. En það er mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að við erum ekki í mótsögn við okkur. Við viljum samþætta efnahags-, atvinnu- og félagsmál – vegna þess að það verður ekki þannig á Íslandi á næstu fjórum

árum að þeir sem beri herkostnaðinn af hagstjórninni verði þeir sem eru atvinnulausir, þeir sem eru veikir, þeir sem eiga undir högg að sækja. Nei, það getur ekki verið þannig.

Tökum dæmi um samþættingu. Í velferðartillögum okkar lögðum við til að atvinnulausum verði tryggð fjárhagsleg afkoma. Það hefur komið fram í umræðunum í dag hvaða afleiðingar það getur haft fyrir hagkerfið að búa við rýrt atvinnuleysisbótakerfi. Við viljum að atvinnulausir búi við mannlega reisn og tækifæri til að nýta tímann með uppbyggilegum hætti, endurskóli sig, endurhæfi sig til nýrra starfa. Svipað gildir um mörg byggðarlög. Við hljótum að búa fólkinu sem býr í hinum dreifðu byggðum landsins ákveðið öryggi, þann möguleika að fara í gegnum nauðsynlegan aðlögunarfasa með þeirri reisn sem til þarf. Nýir atvinnuhættir, hin hraða þróun og aukinn sveigjanleiki kalla á traustara öryggisnet og á virkari vinnumarkaðsaðgerðir.

Hvað ber að gera?

Mikilvægasta pólitíska spurningin er sú hvernig við ætlum að láta stefnur okkar í efnahags-, félags- og atvinnumálum hanga saman í einni heildstæðri stefnu. Hvernig við ætlum að koma í veg fyrir það að þær vinni hver á móti annari. Fyrirlesari okkar frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Stefaan Hermans, gerði okkur grein fyrir því í erindi sínu hvernig þessum spurningum hefur verið svarað í Evrópu: Með því að mynda breiða pólitíska samstöðu um það að samþætta þessi markmið, um það að gera Evrópu að því framtíðarþjóðfélagi þar sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins axla sameiginlega ábyrgð á því að samþætta þessi markmið. Það er auðvitað þetta kerfisbundna vinnulag í atvinnustefnu Evrópusambandsins sem okkur finnst áhugavert. Þetta kerfisbundna

vinnulag sem hvílir á nokkrum meginstoðum: Starfshæfni og menntun, starfsemi frumkvöðla og nýsköpunarvinnu, aðlögunarhæfni atvinnulífsins og öryggi fólksins, jafnrétti og samþættingu atvinnu- og fjölskyldulífs.

Verkefni okkar á ársfundinum verður þess vegna að svara ýmsum krefjandi spurningum er lúta að atvinnu- og byggðarmálum. Við verðum síðan að setja svör okkar fram með mjög skýrum og afmörkuðum hætti og í markmiðum, þannig að hægt sé að umbreyta þeim í einhverja verkefnaáætlun. Við verðum að taka framtíðarsýn okkar og setja hana fram þannig að það sé hægt að vinna eftir henni. Við verðum jafnframt að hafa skýra afstöðu til þess hvernig hægt sé að hrinda þessari áætlun í framkvæmd. Við hljótum síðan í framhaldi af þessu að beina spurningum bæði til stjórnámálanna og atvinnurekenda. Hvernig ætla þeir að svara hinum krefjandi spurningum. Hvernig ætla þeir að svara því hvernig samþætta eigi efnahags-, atvinnu- og félagsleg markmið okkar. Hvernig vilja þeir tryggja launafólki á Íslandi samfélag sem einkennist af bættum lífsgæðum og auknum félagslegum jöfnuði.

Þetta er ekki lítið viðfangsefni. Þetta er ekki viðfangsefni sem verður klárað á þessari ráðstefnu né heldur á ársfundi okkar í lok október. Við erum að halda hér áfram verki sem við hófum fyrir tveimur árum síðan í umræðunum um velferðarmálin. Nú ætlum við að taka atvinnu- og byggðamálin og kryfja þau til mergjar. Verkefni okkar er fyrst og fremst það að skýra hvað það er sem við viljum, hvernig við viljum gera hlutina og hvaða skoðun við höfum höfum á þeim. Næsta verkefni yrði síðan að efla til breiðari umræðu í þjóðfélaginu þannig að við náum að mynda sameiginlega sýn okkar landsmanna á það hvernig við viljum vinna að þessu. Það er kannski það sem við sérhæfum okkur í hjá Alþýðusambandinu, þ.e. að vera upphafsaðili að einhverju en vinna gjarnan með þeim sem hafa áhuga á því að vinna með okkur.

Atvinna fyrir alla: Viðaukar

VIÐAUKAR

ASÍ og atvinnumál 1994-2003

Á undanföllum árum hefur Alþýðusamband Íslands lagt mikla vinnu í stefnumótun í atvinnu- og byggðamálum. Lýsa má þessari vinnu sem vegferð í þremur áföngum: *Atvinnustefna til nýrrar aldar* (1994-2000), *Nýtt afl – nýir tímar* (2000-2002) og *Atvinna fyrir alla* (frá lokum árs 2002).

Atvinnustefna til nýrrar aldar

Á árunum 1992 fór atvinnuleysi ört vaxandi og mældist það mest 7,5% í janúar 1994. Það sama ár blés ASÍ til sóknar í atvinnumálum. Í mars 1994 var haldinn fundur forystumanna ASÍ um atvinnumál sem fylgt var eftir með umræðum innan verkalýðshreyfingarinnar vítt og breytt um landið. Niðurstöður umræðnanna voru síðan teknar saman í eitt plagg *Atvinnustefna til nýrrar aldar, framtíðarsýn Alþýðusambands Íslands í efnahags-, atvinnu-, og kjaramálum*. (sjá um fjöllum í Skýrslu forseta 1994). Í plagginu kom m.a. fram að ASÍ ...

... hafnar alfarið þeirri leið sem felst í því að taka upp samkeppni á alþjóðamörkuðum um framleiðslu á vörum sem býður upp á illa launuð störf. Þvert á móti telur Alþýðusambandið að virkja verði nýja uppsprettu hagvaxtar, en sú uppspretta liggur í þekkingu fólksins, menntun þess og hæfni. Með þessu móti má skapa forsendur fyrir því að fjölga vellaunuðum störfum sem byggja á stöðugt meiri framleiðni, aukinni menntun og þjálfun bæði starfsmanna og stjórnenda. Leggja verður höfuðáherslu á að framleiða vörur með mun hærra virðisaukastigi en tíðkast hefur til þessa og því verður að gera grundvallarbreytingar á þeirri efnahagslegu þróunarstefnu sem hér hefur verið ráðandi. Mikilvægur liður í þessu starfi er að skilgreina strax nokkur stefnumarkandi svið sem leggja beri sérstaka áherslu á næstu ár. Samhliða því verður stöðugt að leita að sóknarmöguleikum á nýjum sviðum til þess að tryggja eðlilega endurnýjun atvinnulífsins. Það er jafnframt skoðun Alþýðusambandsins að mynda verði almenna sátt um stefnumótun í atvinnumálum milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda og því verði að þróa áfram þríhliða samstarf þessara aðila og skapa því formlegri sess. Með því móti má stuðla að aukinni samstöðu um forgangsröðun og mat þessara aðila á einstaka málaflokkum þannig að þeir vinni að samræmdu markmiði.

Nýtt afl – nýir tímar

Á ársþingi ASÍ í nóvember árið 2000 voru samþykktar róttækar breytingar á lögum og starfsháttum ASÍ. Þingið gerði samþykkt um helstu áherslur í starfi sambandsins undir yfirskriftinni *Nýtt afl – nýir tímar*. Í atvinnumálum var þá mörkuð eftirfarandi stefna:

Aðildarfélag og –sambönd ASÍ gengu til samninga vorið 2000 með það að markmiði að stuðla að stöðugleika og leggja þannig grunn að áframhaldandi aukningu kaupmáttar. Áhersla var lögð á að nýta svigrúmið fyrst og fremst til hækkunar lægstu launa. Gerður var samningur til langs tíma í þessu skyni. Jafnframt var ljóst að stéttarfélagin geta ekki setið með bundnar hendur allan samningstímann ef samningsforsendurnar breyta. Samningarnir hvíla á tveimur meginstöðum: Að verðbólga fari minnkandi á samningstímanum og að sú launastefna sem þar var mörkuð verði

Atvinna fyrir alla: ASÍ og atvinnumál

almennt ríkjandi. Rík áhersla var því lögð á skýr tryggingarákvæði svo hægt væri að opna samningana ... ef forsendur brygðust ...

Þróun undanfarinna ára sýnir einnig mikilvægi þess að ASÍ hafi frumkvæði í umræðu um atvinnu- og byggðamál því þrátt fyrir mikinn hagvöxt og þenslu víða í hagkerfinu hefur komið í ljós að vöxturinn er misjafn eftir landshlutum. Því hefur fylgt mikill flutningur fólks af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Slíkt er ekki nýtt af nálinni. Síðustu áratugi hafa slíkir flutningar fylgt hagvexti. Mikil umræða hefur verið um byggðaröskun eftir hverja uppsveiflu en engin töfralausn enn verið fundin. Ýmislegt hefur verið reynt til að sporna við henni en ekki tekist að snúa þróuninni við.

Margir þættir skýra breytingar á búsetuþróun í landinu, meðal annars flutningur á kvóta úr byggðalögum. Fólk vill fjölbreytni í atvinnuháttum, menningu, menntun og annarri þjónustu. Það er því ekki nægilegt að flytja fyrirtæki og stofnanir út á landsbyggðina ef aðrir nauðsynlegir þættir eru ekki til staðar. Aukinn hluti þekkingar í framleiðslu hefur leitt til brottflutnings af landsbyggðinni en getur einnig boðið upp á aukna möguleika til atvinnuuppbyggingar ef rétt er á málum haldið.

Áherslur ASÍ:

Með áherslu á starfsmenntun, nýtingu mannauðsins og nýsköpun verði byggt upp atvinnulíf sem býður launafólki næg störf og stendur undir háu launastigi.

Misskipting hagvaxtar milli landssvæða á undangengnum árum sýnir að brýnt er að móta atvinnu- og byggðastefnu sem skilar árangri fyrir alla þjóðina.

Reynslan hér á landi og erlendis sýnir að árangursrík byggðastefna felst ekki í að leggja fé í fyrirtæki og stofnanir sem ekki eiga sér lífsvon né setja fé í innri framkvæmdir á landsbyggðinni. Það dugar ekki að senda einvörðungu fé frá stöðum þar sem vöxtur er til staða þar sem ekki er vöxtur. „Byggðastefna“ hér á landi hefur í allt of ríkum mæli einkennst af slíkum aðgerðum.

Byggja verður atvinnu- og byggðastefnu á framtíðarsýn um uppbyggingu viðkomandi byggðalags sem heildar.

Skapa verður skilyrði fyrir myndun raunverulegra byggðakjarna sem bjóða upp á þá fjölbreytni í atvinnu, menntun, menningu og annarri þjónustu sem þarf til að skapa vöxt.

Helstu verkefni ASÍ:

Hafa áhrif á framkvæmd atvinnustefnu. Leggja höfuðáherslu á nýsköpun og ný tækifæri alls launafólks til að afla sér aukinnar þekkingar og hæfni sem nýtast bæði því sjálfu og atvinnulífinu í heild.

Móta framtíðarsýn um uppbyggingu byggðalaga sem heilda og berjast fyrir því að skilyrði skapist til vaxtar byggðakjarna.

Greina ástæður byggðapróunar í landinu, mögulega vaxtabrodda atvinnu og búsetu og leggja þá greiningu til grundvallar stefnumótun sambandsins í atvinnu- og byggðamálum.

Vinna gegn því af öllum mætti að atvinnutækifæri séu flutt úr landi.

Vinna stefnu sinni fylgi og sjá til þess að hún komist í framkvæmd.

Atvinna fyrir alla

Á ársfundi ASÍ í október/nóvember 2002 voru samþykktar áherslur og helstu verkefni Alþýðusambands Íslands í Evrópumálum. Í þessari samþykkt kemur m.a. fram eftirfarandi sýn í atvinnumálum:

Að Íslendingar setji sér það markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft, tryggi sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð.

Til að ná framangreindum markmiðum er nauðsynlegt að:

Hér á landi verið beitt efnahagsstjórn sem byggir á því að treysta stöðugleika í efnahagslífinu og tryggja þannig betur samkeppnishæfni og vaxtarmöguleika íslenskra fyrirtækja.

Byggt verði á markvissri atvinnustefnu sem miði að því að skapa fleiri og betri störf, sem byggir á hæfu starfsfólki, frumkvæði og framsækni, aðlögunarhæfni og jafnrétti kynjanna. Öflug sýmenntun og annað tækifæri til náms eru mikilvægustu tækin til að ná þessum markmiðum.

Skilgreind verði félagsleg markmið um vinnumarkað sem byggir á öryggi, en jafnframt sveigjanleika sem gagnist bæði launafólki og fyrirtækjum. Ennfremur um mannsæmandi líf skjör fyrir alla og um vinnumarkað og atvinnulíf sem sé uppspretta frekari lífsgæða, með styttri vinnutíma, auknum möguleikum til sýmenntunar, og betra samræmis á milli atvinnuþátttöku og einkalífs.

Í samræmi við þetta stóð Atvinnumálanefnd ASÍ fyrir ráðstefnu um atvinnu- og byggðamál þann 30. september 2003. Yfirskrift hennar var *Atvinna fyrir alla, góð störf – betri líf skjör*. Ráðstefnan tókst í alla staði mjög vel og sóttu hana rúmlega 100 manns. Ráðstefnunni var ætlað að markaða upphaf vinnu ASÍ að mótun samþættar stefnu í efnahags-, atvinnu-, byggða- og félagsmálum.

Næstu misseri fyrirhugar Atvinnumálanefnd Alþýðusambandsins að halda stefnumótunarvinnunni áfram, m.a. með því að vinna úr upplýsingum sem fram komu á ráðstefnunni, og með því að leita eftir aðstoð og skoðunum breiðs hóps fólks í samfélaginu. Þá verða atvinnu- og byggðamál annað af þeim málefnum sem sérstaklega verða tekin til umfjöllunar á ársfundi ASÍ í október 2003.

Stefnt er að því að skýrar tillögur til miðstjórnar ASÍ liggja fyrir vorið 2004 og að stefna Alþýðusambandsins í málaflokknum verði síðan til umræðu og afgreiðslu á ársfundi ASÍ í október 2004.

Störf atvinnumálanefndar 2002-2003

Á síðastliðnu ári hafa atvinnumál verið í brennidepli. Í upphafi árs 2002 fór að bera á vaxandi atvinnuleysi og jókst það þegar líða tók á árið. Í desember mældist 3% atvinnuleysi og hafði ekki verið jafn mikið frá því á árunum 1997-1998. Í lok árs 2002 og í upphafi árs 2003 var gerð grein fyrir stöðu og horfum í atvinnuleysismálum í miðstjórn ASÍ. Kom þar m.a. fram að undirliggjandi atvinnuleysi hafði vaxið allt til októbers 2002 en hélst næstu mánuði stöðugt í um 3%. Sveiflur í atvinnuleysi voru miklar og var mat hagdeildar ASÍ að það gæti farið í allt að 4% yrði ekkert að gert. Var þá m.a. horft til þess að könnun sem SA lét gera hjá sínum félagsmönnum gaf til kynna að fyrirtæki ætluðu að segja upp 1,6% af starfsfólki á næstu 3 mánuðum. Í könnuninni kom fram að stærri fyrirtæki væru líklegri til að fækka fólki og minni eftirspurn væri eftir starfsfólki á landsbyggðinni. Könnunin sýndi einnig að búast mætti við fækkun starfsfólks í flestum greinum. Fyrirtæki í útgerð og fiskvinnslu ætluðu að fækka sýnu mest eða um 4% af starfsfólki. Sterk staða íslensku krónunnar og háir vextir höfðu sérstaklega slæm áhrif á atvinnulífið og þá sérstaklega á útflutningsgreinarnar.

Vaxandi atvinnuleysi

Fundur var haldinn með forstjóra Vinnumálastofnunar Gissuri Péturssyni, fulltrúum ASÍ í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs og Gylfa Kristinssyni skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu þar sem rætt var vaxandi atvinnuleysi og mögulegar lausnir og úrbætur fyrir atvinnulausa. Á fundi miðstjórnar þann 5. febrúar sl. gerði hagdeild ASÍ grein fyrir stöðu og horfum í atvinnumálum. Kom þar m.a. fram að 4. febrúar s.l. var fjöldi atvinnulausra á skrá kominn yfir 6 þúsund og að allt útlit væri fyrir að atvinnuleysi ætti eftir að aukast og fara yfir 4%, jafnvel strax í næsta mánuði. Einnig kom fram að langtímaatvinnuleysi væri að aukast og atvinnuleysi meðal ungs fólks, á aldrinum 16 – 24 ára, væri að aukast og nálgast það sem gerist í örðum Evrópulöndum. Það kom einnig fram að atvinnuleysi var mest á meðal fólks með grunnskólamenntun eða minna og er stærstur hópur atvinnulausra „ósérhæft starfsfólk“ og fólk í „þjónustu, sölu og afgreiðslu“. Miklar umræður urðu um málið og samþykkt miðstjórn eftirfarandi ályktun um atvinnumál.

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir þungum áhyggjum vegna ört vaxandi fjölda þeirra einstaklinga sem eru án atvinnu. Í dag eru um 6.000 þúsund manns án atvinnu og hefur atvinnuleysi ekki verið jafn mikið síðan 1998. Langtímaatvinnuleysi hefur samhlíða þessu aukist mjög mikið, eða úr 410 manns í desember 2001, í 1.021 í desember 2002.

Miðstjórn ASÍ áréttar að fyrirhugaðar virkjana- og stóriðjuframkvæmdir munu ekki hafa veruleg áhrif á íslenskan vinnumarkað og íslenskt efnahagslíf fyrr í fyrsta lagi á síðari hluta næsta árs og þunginn af þeim framkvæmdum verður ekki fyrr en á árunum 2005 til 2007.

Það er því augljóst að mati miðstjórnar ASÍ að meginviðfangsefni við stjórn efnahagsmála nú eigi að vera að vinna gegn atvinnuleysi og öðrum einkennum slaka í efnahagslífinu. Því telur miðstjórnin mikilvægt að efnt verði til formlegs samstarfs milli aðila vinnumarkaðar, stjórnvalda og Seðlabanka Íslands, með það að markmiði að móta skýra áætlun um mótvægisáðgerðir sem komi til framkvæmda á allra næstu vikum. Slíkar mótvægisáðgerðir þurfa að fela í sér eftirfarandi:

- Opinberir aðilar flýti mannaflsfrekum framkvæmdum sem mögulegt er að ljúka á næstu 6-18 mánuðum.
- Seðlabankinn lækki stýrivexti sína verulega, til að tryggja stöðugra gengi og treysta þannig stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina og koma í veg fyrir frekari uppsagnir og tekjubrest.
- Seðlabankinn styrki gjaldeyrisforðann meira en áætlanir gerðu ráð fyrir og vinni þannig að stöðugleika krónunnar.
- Bankar og sparisjóðir lækki vexti og þá sérstaklega verðtryggða vexti, enda hefur ávöxtunarkrafa á skuldabréfamarkaði lækkað frá áramótum og gefið fullt tilefni til að verðtryggðir vextir verði lækkaðir.

Samhliða þessu telur miðstjórn ASÍ nauðsynlegt að bætur til atvinnulausra verði hækkaðar frá því sem nú er. Jafnframt er mikilvægt að treysta stöðu langtímaatvinnulausra með fjölbreyttari starfs- og endurmenntunartilboðum.

Í aðdraganda Alþingiskosninga samþykkti ríkisstjórnin þann 11. febrúar að veita auknu fé til vegaf framkvæmda á næstu 18 mánuðum til að sporna við vaxandi atvinnuleysi. Um var að ræða annars vegar 6,3 milljarða króna til nýrra framkvæmda og hins vegar að flýta framkvæmdum sem þegar höfðu verið ákveðnar. Mörg sveitarfélög fylgdu í kjölfarið og ákváðu að flýta framkvæmdum af sömu sökum.

Þrátt fyrir þessar áðgerðir ríkisstjórnarinnar og stóriðjuframkvæmdir fyrir austan þá hefur undirliggjandi atvinnuleysi vaxið allt árið og var í ágúst 3,7%. Jafnframt fjölgar langtímaatvinnulausum stöðugt. Í ágúst s.l. voru tæplega 1.500 einstaklingar búnir að vera án atvinnu í 6 mánuði eða lengur samanborið við 860 einstaklinga á sama tíma í fyrra. Þetta er mikil aukning og verulegt áhyggjuefni.

Atvinnuleysi mældist á 1. ársfjórðungi mest á meðal yngstu aldurshópnum, eða 12,2% og hafði það aukist verulega frá 1. ársfjórðungi en þá var það 8,5%. Hefur atvinnuleysi ungmenna aukist verulega frá fyrra ári eða úr sem nemur 6,9%. Sérstaka athygli verður að á höfuðborgarsvæðinu voru 15% ungmenn atvinnulaus. Þetta er ískyggileg þróun og erum við orðin jafnfætis öðrum nágranna ríkjum okkar hvað þetta varðar. Mikilvægt er að sporna við þessari þróun, með virkum vinnumarkaðsaðgerðum og koma þannig í veg fyrir að ungt fólk, festist í langtímaatvinnuleysi

Ráðstefna um málefni atvinnulausra

Til að vekja athygli á stöðu atvinnulausra og efla umræðu um málefni þeirra boðaði Atvinnumálanefnd ASÍ til fundar um málefni atvinnulausra þann 26. mars. Fundinn sóttu meðal annarra fulltrúar landssambandanna, forystumenn aðildarfélaganna og aðilar sem hafa áhuga á málefnum innan raða ASÍ. Alls sóttu fundinn um sextíu manns. Í upphafsávarpi sínu fjallaði Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, m.a. um sýn verkálýðshreyfingarinnar á málefni atvinnulausra og aðkomu ASÍ að þeim málum og nauðsyn þess að velferðarkerfið sé undir það búið að taka á málefnum þeirra sem fyrir því verða að missa atvinnuna. Að því loknu kynnti Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, tillögur Atvinnumálanefndar ASÍ um stuðning við atvinnulausa. Auk þeirra fluttu Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, Hugrún Jóhannessdóttir, forstöðumaður svæðisvinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins, Jón Karlsson, fulltrúi ASÍ í svæðisráði Norðurlands vestra og Ingibjörg E. Guðmundóttir, framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar, framsögur. Ýmsar hugmyndir um úrlausnir varðandi atvinnuleysi og stöðu atvinnulausra komu fram á fundinum og því var m.a. velt upp hvort fara þyrfti aðrar leiðir varðandi þau úrræði sem í boði eru og innleiða meiri sveigjanleika í kerfið. Þá kom fram að þörf væri á rannsókn og greiningu sem hægt væri að nota til grundvallar við mótun úrræða fyrir atvinnulausa.

Tillögur atvinnumálanefndar

Atvinnumálanefnd ASÍ fjallaði um stöðu og stuðning við atvinnulausa og þörf fyrir úrbætur í þeim efnum. Auk félaganna í atvinnumálanefnd ASÍ tóku fulltrúar ASÍ í stjórnnum Vinnumálastofnunar og atvinnuleysistryggingasjóðs þátt í starfinu. Þá fékk atvinnumálanefnd Gissur Pétursson, forstjóra Vinnumálastofnunar og Gylfa Kristinsson, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu á fund til sín í tengslum við þessa vinnu. Atvinnumálanefnd lagði þann 5. mars sl. fram eftirfarandi tillögur með greinargerðum um úrbætur í málefnum atvinnulausra. Tillögurnar voru svo afgreiddar í miðstjórn ASÍ þann 19. mars:

Lagt er til að:

1. Atvinnuleysisbætur verði hækkaðar í 93.000 kr. á mánuði.
2. Skráningarferli og umsýsla skráningarstaða og svæðisvinnumiðlana verði einfaldað og gert skilvirkara.
3. Aukin áhersla verði lögð á aðstoð, ráðgjöf og menntunarúrræði fyrir fólk í atvinnuleit og virka vinnumiðlun.
4. Löggjöf um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir verði endurskoðuð og að sett verði lög um einkareknar vinnumiðlanir.

Hér á eftir er nánar gerð grein fyrir tillögunum. Lagt er til að tillögu um hækkun atvinnuleysisbóta verði hrint í framkvæmd nú þegar. Þá er lögð áhersla á að tillögur í liðum 1 – 3 verði að öðru leyti komið til framkvæmda eins fljótt og kostur er, til að bregðast við þeim vanda sem nú er í málefnum atvinnulausra. Hvað varðar lið 4 er ljóst að það tekur nokkurn tíma að móta afstöðu ASÍ og ná samstöðu með öðrum þeim sem málið varðar. Lögð er áhersla á að sú vinna verði þegar hafin með það að markmiði að tillögur liggi fyrir á komandi hausti þannig að hægt verði að afgreiða nýja löggjöf og nauðsynlegar lagabreytingar á Alþingi veturinn 2003 - 2004.

1. Hækkun atvinnuleysisbóta í 93.000 kr. á mánuði og athugun á tekjutengingu

Lagt er til að atvinnuleysisbætur verði nú þegar hækkaðar úr 77.452 kr. í 93.000 kr. á mánuði. Einnig er lagt til að á vettvangi ASÍ verði hafin skoðun á því hvort tekjutengja eigi atvinnuleysisbætur og þá með hvaða hætti.

Greinargerð

Í dag eru fullar atvinnuleysisbætur 77.452. Þær hækkuðu um síðustu áramót um 5%. Fram til 1996 tóku atvinnuleysisbætur mið af launum fiskverkfólks og hækkuðu til samræmis við þau. Í upphafi árs 1996 var gerð breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar sem rauf þessa tengingu. Lágmarkstekjur verkafólks fyrir fullt starf eru nú 93.000 kr. á mánuði eða um 20% hærri en fullar atvinnuleysisbætur. Auk þess á fólk á vinnumarkaði rétt á desemberuppbót og orlofsuppbót sem nú eru 36.000 kr. og 10.000 á ári hjá verkafólki m.v. fullt starf.

Þá má geta þess að ef atvinnuleysisbætur hefðu þróast í takt við almenn laun þá væru þær um 12% hærri en þær eru nú eða um 87.000 kr. á mánuði.

Að meðaltali voru 3.631 einstaklingar atvinnulausir á síðasta ári. Af þeim leituðu 2.430 einstaklingar, eða 67% til sveitarfélaga og annarra aðila eftir fjárhagsaðstoð. Í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um þróun fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga (janúar 2003) kemur fram, að 40% þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er fólk án vinnu. Þetta gefur skýrar vísbendingar um að atvinnuleysisbæturnar duga ekki til framfærslu meðan fólk leitar sér að nýju starfi.

2. Einfalda skráningarferli og umsýslu skráningarstaða og svæðisvinnumiðlana.

Lagt er til að tekin verði ákvörðun um að einfalda skráningarferlið og draga úr tíðni skráninga hjá atvinnulausu fólki, ásamt því að einfalda alla umsýslu hjá skráningarstöðum og svæðisvinnumiðlunum. Þá er lögð áhersla á að þeirri ákvörðun verði hrint í framkvæmd eins fljótt og kostur er.

Greinargerð

Núverandi löggjöf um atvinnuleysistryggingar og öll umgjörð miðast að því að gera atvinnuleitendum sem allra erfiðast fyrir að misnota bæturnar. Lögð er rík áhersla á eftirlit með þeim sem skrá sig á atvinnuleysisrá. Það hlýtur að vera meginmarkmiðið löggjafarinnar að aðstoða þá sem eru atvinnulausir fjárhagslega, styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði og aðstoða atvinnulaust fólk við að finna sér starf við hæfi.

Mikill tími fer í það hjá starfsmönnum skráningarstaða og svæðisvinnu- miðlana að skrá og hafa eftirlit með atvinnuleitendum. Lagt er til að skráningar- og eftirlitsferlið verði einfaldað og það gert sem skilvirkast. Á vettvangi Vinnuámalastofnunar hefur þegar verið aflað upplýsinga um ýmsa kosti í þessum efnum og hvernig megi hrinda þeim í framkvæmd. Í þeirri vinnu hefur m.a. verið litið til framkvæmdarinnar á hinum Norður- löndunum sem margt má læra af. Mikilvægt er að þessari vinnu verði hraðað og lagabreytingar undirbúnar ef þörf krefur.

Með því að draga úr vinnu við skráningu og umsýslu af ýmsu tagi skapast skilyrði til að auka þjónustu og ráðgjöf við atvinnuleitendur og fyrirtæki sem vilja nýta sér þjónustu svæðisvinnumiðlana.

Einnig má geta þess að skráningarferlið er í dag afar niðurlægjandi fyrir þá sem eru atvinnulausir. Þeir þurfa að mæta til skráningar í sínu byggðarlagi, vikulega eða á tveggja vikna fresti. Þá myndast oft langar biðraðir á skráningarstað. Í litlu samfélagi eins og hér á landi, þar sem allir þekkja alla getur þetta verið viðkvæmt og niðurdrepandi. Af þessum ástæðum veigra margir sér við að leita sér aðstoðar fyrr en allt annað þrýtur. Slík töf er mjög óheppileg þar sem hún kemur í veg fyrir að viðkomandi njóti mikilvægrar þjónustu auk þess sem hún getur leitt til skerðingar eða jafnvel að réttur til atvinnuleysisbóta tapast.

3. Aukin áhersla á aðstoð, ráðgjöf og menntunarræði fyrir fólk í atvinnuleit og vinnumiðlun

Þjónusta stæðisvinnumiðlana á einkum að felast í aðstoð og ráðgjöf við fólk í atvinnuleit og vinnumiðlun. Mikilvægt er að starfsemin sé skipulögð þannig að hún sinni sem best þeim markmiðum sem henni er ætlað að uppfylla. Hér gegna aðstoð, ráðgjöf og menntunarræði við hæfi lykil- hlutverki.

Greinargerð

Mikilvægt er að treysta og efla þá þætti í starfsemi Vinnuámalastofnunar og svæðisvinnumiðlana sem lúta að aðstoð, ráðgjöf og menntunarræðum við hæfi. Sama gildir um ráðgjöf og aðstoð við fyrirtæki sem eru að leita að starfsfólki.

Hér má nefna sem dæmi virka starfs- og námsráðgjöf til atvinnuleitenda, með áhugasviðsprófum og leiðbeiningum um þau starfs- og námsúrræði sem eru í boði á hverjum tíma. Þá er ljóst að fræðsla um fjármál og fjármálaráðgjöf getur skipt miklu fyrir þá sem missa atvinnuna um skemmri eða lengri tíma.

Fjölbreytt tilboð á námskeiðum og lengra námi við hæfi hvers og eins er eitt af kjarnaatriðunum í stuðningi Vinnuámalastofnunar og svæðisvinnu- miðlana við atvinnuleitendur. Mikilvægt er að áfram verði byggt á þeirri reynslu sem hefur fengist í þessum efnum og námsúrræði þróuð enn frekar með tilliti til einstaklinganna og ólíkra hópa atvinnulausra. Um leið og mikilvægt er að miða ráðgjöf við og þróa úrræði sem mæta þörfum ólíkra einstaklinga er nauðsynlegt að horfa sérstaklega til einstakra hópa eins og: atvinnulausra ungmenna; þeirra sem hafa litla menntun og/eða þurfa á endurmenntun að halda; þeirra sem eru búnir að vera lengi atvinnulausir (meira en 6 mánuði); og þeirra sem eru eldri en 55 ára

Mikilvægt að skoða með hvaða hætti má styðja við aðstoð og ráðgjöf til atvinnulausra og virka vinnumiðlun með því að nýta þekkingu, reynslu og tengsl stéttarféлага (og samtaka atvinnurekenda) við vinnumarkaðinn. Sama gildir um einkareknar vinnumiðlanir.

4. Endurskoðun á löggjöf um atvinnuleysistryggingar og vinnu-
markaðsaðgerðir og lög um einkareknar vinnumiðlanir

*Lagt er til að á vettvangi ASÍ verði þegar hafinn undirbúningur að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997 og laga um vinnu-
markaðsaðgerðir nr. 13/1997, með það að markmiði að efla þessa starf-
semi og bæta réttarstöðu atvinnulausra. Þá er lagt til að undirbúin verði
sérstök löggjöf um einkareknar vinnumiðlanir (ráðningarskrifstofur).*

Greinargerð

Ýmis álitafni hafa komið upp varðandi framkvæmd laganna um vinnu-
markaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar, stjórnslu og réttindi
atvinnulausra frá því að lögin tóku gildi. Þá hefur komið upp ágreiningur
um eignarhald og umslu á atvinnuleysistryggingasjóði.

Mikilvægt er að á vettvangi Alþýðusambandsins fari fram mat á lögnum
og framkvæmd þeirra og að á grundvelli þess setji ASÍ fram sín sjónarmið
og tillögur til breytinga. Síðan er nauðsynlegt að teknar verði upp við-
ræður við önnur samtök launafólks, SA og félagsmálaráðuneytið um
nauðsynlegar breytingar á lögnum. Þessi vinna má þó ekki verða til þess
að tefja það að ráðist verði í þær úrbætur sem eru mest aðkallandi og
hægt er að framkvæma innan ramma núgildandi laga.

Samhliða er mikilvægt að undirbúin verði löggjöf um einkareknar vinnu-
miðlanir með það að markmiði að hún verði afgreidd á Alþingi veturinn
2003 – 2004. Slík löggjöf þarf að taka almennt á starfsemi einkarekinna
vinnumiðlana og tryggja réttarstöðu þeirra einstaklinga (og fyrirtækja)
sem til þeirra leita, m.a. með hliðsjón af samþykktum ILO um þetta efni.
Þá þarf slík löggjöf að kveða á um skyldur einkarekinna vinnumiðlana til að
veita upplýsingar um starfsemi sína og þá vinnumiðlun sem fram fer á
þeirra vegum, til að bæta almennt þekkingu á vinnu- og atvinnu-
hans og stöðu á hverjum tíma. Slík löggjöf er jafnframt forsenda fyrir því
að stjórnvöld geti gefið slíkum vinnumiðlunum hlutverk og verkefni og nýtt
þær til stuðnings og ráðgjafar við atvinnulausa og vinnumiðlun. Á
grundvelli slíkrar löggjafar gætu stéttarfélag tekið að sér stuðning og ráð-
gjöf við atvinnulausa og vinnumiðlun.